FRÉTTABLAÐIÐ

229. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 2019

Heiðursvörðurinn marserar í Peking, höfuðborg Kína. Það var mikið um dýrðir í gær í Kína þegar stjórnvöld fögnuðu 70 ára afmæli Alþýðulýðveldisins Kína. Sýndur var vaxandi hernaðarmáttur landsins með mikilli hersýningu á Torgi hins himneska friðar. Þar þrömmuðu um 15.000 hermenn og sýnd voru margvísleg hervopn. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Sakar forystu Eflingar um vænisýki

Sviðsstjóra félagssviðs Eflingar var sagt upp störfum skömmu fyrir undirritun kjarasamninga. Hann segir ástæðuna vera ímyndaða valdabaráttu innan stéttarfélagsins og vænisýki hjá forystunni.

KJARAMÁL „Ég var rekinn án útskýringa og án þess að fá áminningu. Það var talað um trúnaðarbrest, sem ég veit ekki hver á að vera. Síðan fékk ég að vita að ástæðan var að Sólveigu Önnu [Jónsdóttur, formanni Eflingar] fannst stafa einhver ógn af mér í valdabaráttunni. Vænisýkin var orðin algjör," segir Maxim Baru, fyrrverandi sviðsstjóri félagssviðs Eflingar. Samstarfsfólk Maxims af félagssviði Eflingar sem ræddi við Fréttablaðið staðfestir frásögn hans.

Maxim, eða Max eins og hann er

Maxim Baru, fyrrverandi sviðsstjóri hjá Eflingu.

iðulega kallaður, var ráðinn inn á þetta nýja svið fyrir ári. Hann segist hafa verið ráðinn til að skipuleggja verkfallsaðgerðir félagsins. Max telur eina ástæðu brottrekstrarins þá að honum hafi ekki verið treyst til að standa á bak við kjarasamningana. Stjórn og trúnaðarmenn hafi verið skikkuð til að fá félagsmenn til að samþykkja samninginn.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, segir það mjög leitt þegar einstaklingar eigi ekki samleið með félögum á vinnustað sínum. „Það er líka leitt ef fólk getur ekki sætt sig við orðinn hlut og kýs að reka mál í fjölmiðlum." Hann segir þessi mál hafi verið borin upp víða á vettvangi félagsins, meðal annars í stjórn og trúnaðarráði. Þar hafi ekki verið gerðar athugasemdir við þá ákvörðun að láta Max fara.

„Það er ekki hlutverk starfsmanna Eflingar að vera með einhverja sjálfstæða pólitíska markmiðasetningu eða móta stefnu félagsins sjálfstætt."

Max segir að hans uppsögn sé annars eðlis en fjármálastjóra, bókara og fyrrverandi skrifstofustjóra Eflingar sem hafa gagnrýnt félagið. Ólíkt honum hafi þau verið andsnúin stefnu nýrrar forystu frá upphafi og ekki viljað neinar róttækar breytingar. **– ab, sar / sjá síðu 6**

Skoða greiðslur sem runnu úr félagi GAMMA

VIÐSKIPTI Nýir stjórnendur GAMMA kanna nú greiðslur sem runnu frá Upphafi fasteignafélagi, sem er í eigu sjóðs í stýringu GAMMA, til félaga sem komu að verkefnum sem Upphaf hefur unnið að, vegna gruns um að ekki hafi verið eðlilega að þeim staðið. Þar er meðal annars um að ræða greiðslur til félaga sem tengjast fyrrverandi framkvæmdastjóra Upphafs og starfsmannaleigunnar Elju.

Sjóðsfélagar voru upplýstir um það á mánudag að við endurmat á eignum og áætlunum sjóðsins NOVUS þá væri eigið fé hans, sem þremur mánuðum áður var metið á 3,9 milljarða, nú aðeins talið vera um 42 milljónir.

Á meðal einkafjárfesta sem komu að fjármögnun NOVUS var Guðbjörg Matthíasdóttir, aðaleigandi Ísfélags-

3,9

milljarðar króna af eigin fé sjóðsins þurrkuðust út á þremur mánuðum.

ins í Vestmannaeyjum, en félag í hennar eigu fjárfesti í sjóðnum fyrir hundruð milljóna króna.

Hópur sjóðsfélaga, sem þarf nú að afskrifa eign sína að fullu, ræður nú ráðum sínum og áformar að kanna réttarstöðu sína um hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað í tengslum við starfsemi sjóðsins.

– hae / sjá Markaðinn

Veður



Suðaustan 8-13 m/s og smáskúrir í dag, en hægari og léttskýjað á N- og A-landi. Suðaustan 13-18 við suðvesturströndina um kvöldið. Hiti 3 til 10 stig að deginum, en víða næturfrost N- og A-lands.
SJÁ SÍÐU 14

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Símanotkun á klósettinu getur valdið gyllinæð Læknar vara við viðvarandi símanotkun á klósettinu. Fólk á til að gleyma sér í símanum og við langvarandi dvöl í sitjandi stöðu getur slaknað á endaþarmsvöðvunum.

2 Flatey valin besta eyja í heimi Flatey á Breiðafirði er besta eyja í heimi að mati fjölmiðilsins og ferðaþjónustusíðunnar Big 7 Travel. Þar stendur tíminn í stað.

3 Margoft leitað á svæðinu þar sem sprengjan fannst Vel gekk að eyða handsprengjunni sem fannst nálægt Ásbrú að sögn upplýsingafulltrúa Landhelgisgæslunnar.

4 Nítján óléttum konum og börnum var bjargað úr nauðungarbúðum í Lagos. Þar var konunum nauðgað og börnin sem þær fæddu seld fyrir 1.100 pund.

5 Helför gegn litlum og fallegum fugli Ole Anton Bieltvedt, dýra- og rjúpnavinur, ritar grein í Fréttablaðið um dýravernd.

6 Hampur fyrir framtíðina? Ráðstefna haldin um kosti hampsins. Þórunn Þórs Jónsdóttir er einn af stofnendum Hampfélagsins, sem stendur fyrir ráðstefnunni.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Endurheimta votlendi við Bessastaði

Hafist var handa við endurheimt votlendis í landi Bessastaða í gær. Verkefnið er liður í stærra verkefni á vegum Votlendissjóðs en Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, er verndari sjóðsins. Garðyrkjuþjónustan Garðlist sér um framkvæmdir á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kristján Viðar krefur ríkið um 1,6 milljarða

DÓMSMÁL Kristján Viðar Júlíusson, einn af sakborningum í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum, krefst þess að íslenska ríkið greiði rúma 1,6 milljarða króna vegna óréttar, tjóns og miska sem hann varð fyrir. Greint var frá þessu í kvöldfréttum RÚV í gær.

Kristján telur sig meðal annars eiga rétt á bótum þar sem hann hafi verið sekur maður að ósekju í tæp fjörutíu ár, auk þess að hafa setið inni í sjö og hálft ár.

Forsætisráðherra hefur lagt fram frumvarp um heimild til að greiða bætur vegna dómsins. Heildarfjárhæð bóta liggur ekki fyrir en tekið er fram að stjórnvöld hafi rætt um að greiða fimmmenningunum sem sýknaðir voru og aðstandendum um 800 milljónir króna.

Arnar Þór Stefánsson, lögmaður Kristjáns, segist fagna frumvarpinu en tekur fram að hugmyndirnar nægi ekki til að bæta hans tjón. Það verði sótt í dómsmálinu. – oæg

Í bleiku á bíósýningu Downton Abbey

Sala á Bleiku slaufunni hófst í gær en átakið hófst formlega með sérstakri hátíðarsýningu á bíómyndinni Downton Abbey. Framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins hvetur alla karlmenn til að vera kjarkaða og bera slaufuna.

SAMFÉLAG „Hugmyndin að þessu kviknaði nú bara á góðum teymisfundi í Skógarhlíðinni. Við höfum oft haldið bleik boð og vorum að velta fyrir okkur hvað við gætum gert skemmtilegt sem höfðaði til kvenna," segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands.

Árvekni- og fjáröflunarátak félagsins, Bleika slaufan, hófst formlega í gær. Í ár er slagorð átaksins „Þú ert ekki ein" en áhersla er lögð á mikilvægi stuðnings og vináttu þegar konur greinast með krabbamein. Því var ákveðið að átakinu yrði hleypt af stokkunum á sérstakri bleikri sýningu á bíómyndinni Downton Abbey.

> **Við höfum verið mjög heppin með slaufurnar sem hafa verið hannaðar fyrir okkur en við erum alveg sérstaklega ánægð með þessa.**
>
> Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands

Bíóbros í bleiku. Halla Þorvaldsdóttir og Guðbjörg Ingvarsdóttir í Háskólabíói í gærkvöldi. FRETTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Uppselt var á sýninguna í gærkvöldi en um 900 miðar seldust. Fyrir sýninguna sagðist Halla búast við mikilli og góðri orku í salnum. Hún viðurkenndi að vera mjög spennt fyrir myndinni og það yrði frábært að sjá hana í þessum góða hópi.

Í ár verður aðeins breytt út af vananum og í stað nælu er Bleika slaufan hálsmen. „Þetta er tólfta árið sem við erum með sérhannaða slaufu og það var aðeins farið að ræða það hvort það væri ekki tímabært að vera með eitthvað annað en nælu," segir Halla.

Það er Guðbjörg Ingvarsdóttir, skartgripahönnuður í Aurum, sem hannar Bleiku slaufuna í ár.

„Við höfum verið mjög heppin með slaufurnar sem hafa verið hannaðar fyrir okkur en við erum alveg sérstaklega ánægð með þessa. Við erum sannfærð um að hún verði til þess að slaufan verði meira sýnileg en áður og fleiri gangi með hana," segir Halla.

Hún viðurkennir að karlar hafi verið pínu feimnir við slaufuna þar sem hún sé hálsmen. „En við hvetjum þá til að vera svolítið kjarkaðir og setja slaufuna upp. Handlagnir geta líka breytt hálsmeninu í nælu með mjög lítilli fyrirhöfn."

sighvatur@frettabladid.is

ÚTSALA - ÚTSALA
50% Afsláttur af myndlistarvörum
Olíulitir, vatnslitir, akrýlitir, penslar, spaðar, pappír o.fl o.fl. o.fl.

LISTALAGERINN JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík S: 58 58 900. www.jarngler.is

Bleika slaufan

Bleika slaufan fór formlega í sölu í gær en átak Krabbameinsfélagsins hófst í gærkvöldi með sérstakri sýningu á bíómyndinni Downton Abbey í Háskólabíói. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, leit inn og tók þessar myndir.

ALDREI MEIRA ÚRVAL

RISA LAGERSPRENGJA

1.-5. OKTÓBER

20–70%

afsláttur af skiptidýnum og eldri gerðum, sófum, hvíldarstólum, náttborðum, lökum, hótelhandklæðum og baðmottum. Höfðagöflum, sængum, teppum, rúmfötum, sloppum o.fl. o.fl.

Völuteigi 19
Mosfellsbæ
Sími 660 0038

25% afsláttur af VanDyck mjúkvörum í verslun

10–30% afsláttur af hvíldarstólum og sófum í verslun meðan á lagersölu stendur

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa ★★★★★

Lager. Völuteigi 19 - Mosfellsbæ
Sími 660 0038 - Opið kl 12:00-18:30

*3.5% lántökugjald

Baldursnesi 6 - Akureyri

Listhúsið - Reykjavík

www.svefnogheilsa.is

Listhúsinu Laugardal, Reykjavík og Baldursnesi 6, Akureyri

www.korter.is

Án EES-samningsins væri hætta á einangrun, stöðnun og afturför

UTANRÍKISMÁL Í gær var birt skýrsla á vegum utanríkisráðuneytisins, um EES-samstarfið. Kemur þar fram að nær allir viðmælendur starfshóps, sem Björn Bjarnason fór fyrir, töldu EES-samninginn lifa góðu lífi. Hann væri til verulegs gagns og ávinnings fyrir þá sem innan ramma hans starfa. Án EES -samningsins væri hætta á einangrun, stöðnun og afturför í íslensku þjóðlífi.

„Við töluðum við 147 manns við gerð þessarar skýrslu og aðeins tveir lýstu andstöðu við samninginn, annars vegar fulltrúi samtakanna Frjálst land og hins vegar fulltrúi Nei til EU í Noregi," segir Björn.

Auk Björns sátu lögfræðingarnir Kristrún Heimisdóttir og Bergþóra Hallsdóttir í starfshópnum og tók skýrslugerðin eitt ár. „Okkar niðurstaða er sú að það hafi verið gæfuspor að gera EES-samninginn á þeim tíma sem hann var gerður," segir Björn.

> **Okkar niðurstaða er sú að það hafi verið gæfuspor að gera EES-samninginn á þeim tíma sem hann var gerður.**
>
> Björn Bjarnason, formaður starfshóps um EES

„Reynslan sýnir að enginn gætir okkar hagsmuna nema við sjálf."

Í skýrslunni eru lagðir fram 15 punktar til úrbóta. Þar er til dæmis tekin fram hin stjórnskipulega óvissa um samninginn, það er að vafi leiki á um hvort stjórnarskráin heimili fulla aðild Íslands að EES-samstarfinu. Þetta verði lagað með því að breyta stjórnarskránni eða viðurkenna að samningurinn hafi öðlast stjórnlagasess rétt eins og aðrar óskráðar reglur. Einnig er lagt til að komið verði á fót stjórnstöð EES-mála innan stjórnsýslunnar, með starfsliði, sem fylgist með bæði á mótunar- og framkvæmdastigi.

Björn segist ekki leggja mat á það hverju sé brýnast að bæta úr á þessu stigi. „Það má heldur ekki skoða þetta út frá lögfræðilegu sjónarhorni. Samningurinn snertir alla þætti þjóðlífsins og ekki síður einstaklinga en fyrirtæki." **– khg**

Nýr banki á Íslandi

FJÁRMÁL Hollenski bankinn Bunq hefur opnað fyrir viðskipti á öllu Evrópusambandssvæðinu, auk Noregs og Íslands. Bankinn er símabanki og samskipti við neytandann fara aðallega í gegnum smáforrit. Hægt er þó að fá hefðbundin greiðslukort frá bankanum, bæði debet- og kreditkort.

Bunq var stofnaður af hinum kanadísk-íranska Ali Nikam árið 2015. Frá og með gærdeginum er bankinn opinn í 30 löndum en fram að því hafði hann verið starfræktur í Hollandi, Belgíu, Þýskalandi, Frakklandi, á Spáni, Ítalíu og Írlandi.

„Við ætlum að snúa bankakerfinu á hvolf," sagði Nikam fyrr á þessu ári. Bankinn leggur mikið upp úr lágum gjöldum og vöxtum en ekki er boðið upp á lán eða yfirdrátt. Skipulag bankans er með öðru móti en hefðbundinna banka. Ofurlaun og háir bónusar til starfsmanna þekkjast ekki.

Bankinn hefur lagt mikið upp úr sérstöku fyrirframgreiddu ferðakorti frá Mastercard, en Bunq rukkar ekki sérstakt gjaldeyrisgjald eins og flestir bankar gera, tvö eða þrjú prósent að jafnaði. Það sama gildir um peningasendingar á milli landa. **– khg**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Minnstu sveitarfélögin gætu fengið milljarð til sameiningar

Ef tillaga sveitarstjórnarráðherra um sameiningarstyrki til sveitarfélaga gengur eftir gæti orðið til væn gulrót. Markmiðið er að fækka sveitarfélögum og efla þau í að sinna skyldum sínum. Árneshreppur, 40 manna sveitarfélag, fengi 109 milljónir úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Í pottinum eru um 19 milljarðar.

BYGGÐAMÁL Tillaga Sigurðar Inga Jóhannssonar, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, um nýjar reglur um fjárhagslegan stuðning sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningum þeirra, gæti fært tíu minnstu sveitarfélögunum rúman milljarð í meðgjöf. Í þeim búa um 800 manns svo hver íbúi fengi um 1,3 milljóna króna meðgjöf fyrir að sameinast öðru sveitarfélagi.

Reglur um fjárhagslegan stuðning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga eru nú til umsagnar og rennur umsagnarfresturinn út þann 7. október næstkomandi. Skuldahlutfall sveitarfélaganna skiptir miklu máli hvað varðar það hve mikið þau geta fengið út úr þessum sameiningum og er það haft til hliðsjónar. Einnig er meðal breytinga í tillögum ráðherra bætt við sérstöku byggðaframlagi. Þar er komið til móts við þau sveitarfélög þar sem þróun íbúafjölda hefur verið undir landsmeðaltali. Eftir því sem fækkað hefur í sveitarfélaginu eða íbúum ekki fjölgað í takt við meðaltal fá þau aukið framlag frá jöfnunarsjóðnum.

Þar sem íbúaþróunin í Reykjavík hefur síðustu ár verið undir landsmeðaltali myndi borgin því fá 200 milljónir króna í byggðaframlag frá hinu opinbera. Fjölgunin á höfuðborgarsvæðinu hefur að langmestu leyti verið í nágrannasveitarfélögum og á Suðurnesjum.

Í þessum potti öllum eru um 19 milljarðar króna samkvæmt skjali sem fylgir tillögunni í samráðsgátt stjórnvalda. Tíu stærstu sveitarfélög þessa lands, með um 283 þúsund íbúa, geta fengið 5,4 milljarða króna framlag frá hinu opinbera ef þau ákveða með einhverju móti að sameinast. Að sama skapi geta tíu minnstu sveitarfélögin fengið rúman milljarð.

Akureyri er eitt þeirra sveitarfélaga sem myndu fá mikla meðgjöf við að sameinast öðrum sveitarfélögum. Vitað er að sveitarstjórnarfulltrúar á Akureyri eru opnir fyrir þeim möguleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Fámennasta sveitarfélag landsins, Árneshreppur á Ströndum, sem hefur aðeins fjörutíu íbúa samkvæmt íbúatölum Hagstofunnar hinn 1. janúar á þessu ári, getur fengið um 109 milljónir króna. Það eru nærri þrjár milljónir á hvern íbúa í meðgjöf. Reykjavíkurborg með sína 128 þúsund íbúa, myndi fá 700 milljónir, eða 5.438 krónur á hvern íbúa.

Samkvæmt reglum sjóðsins verður hægt að sækja um stuðning næstu fimmtán árin og allt að fimmtán milljarðar verða til taks. Nú geta hins vegar sveitarfélögin séð nákvæmlega hvar þau standa og hvað fellur þeim í skaut samkvæmt þessum reglum, óháð því hvaða sveitarfélögum þau gætu hugsanlega sameinast í náinni framtíð.

Markmið tillagnanna er að fækka sveitarfélögum og sjá til þess að þau geti sinnt lögbundnum skyldum sínum. Hægt er að setja spurningarmerki við það hvort sveitarfélag með aðeins nokkra tugi íbúa geti sinnt skyldum sínum. **sveinn@frettabladid.is**

Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

vegna sameiningar sveitarfélaga

Tíu stærstu sveitarfélögin

Sveitarfélag	millj. í styrk	íbúafjöldi
Reykjavík	700	128.793
Kópavogur	500	36.975
Hafnarfjörður	594	29.799
Reykjanesbær	500	18.920
Akureyri	700	18.925
Garðabær	500	16.299
Mosfellsbær	500	11.463
Árborg	500	9.485
Akranes	286	7.411
Fjarðabyggð	620	5.070
Samtals	**5.400**	**283.140**

Tíu minnstu sveitarfélögin

Sveitarfélag	millj. í styrk	íbúafjöldi
Árneshreppur	109	40
Tjörneshreppur	103	55
Skorradalshreppur	103	58
Helgafellssveit	100	62
Fljótsdalshreppur	100	74
Skagabyggð	109	90
Svalbarðshreppur	100	91
Kaldrananeshr.	106	103
Borgarfjarðarhr.	119	109
Eyja- og Miklah.hr.	123	117
Samtals	**1.072**	**799**

Forvarnir Pútíns draga verulega úr drykkju Rússa

RÚSSLAND Áfengisneysla í Rússlandi hefur minnkað um 43 prósent síðan árið 2003 samkvæmt skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO). Á undanförnum áratugum hafa Rússar drukkið einna mest allra þjóða.

Ein helsta ástæðan fyrir minni drykkju er að Vladímír Pútín forseti hefur hert reglur um áfengissölu og tekið harðar á landasölu. Áfengisauglýsingar eru nú bannaðar, verð á sterku víni hefur verið hækkað og búðum bannað að selja áfengi eftir klukkan 11 á kvöldin.

Á níunda áratug síðustu aldar reyndi Míkhaíl Gorbatsjov að taka á áfengisvandamálinu en eftir að Sovétríkin féllu flóði allt í landa og almenn áfengisneysla jókst alveg fram yfir aldamótin. Heilbrigður lífsstíll og íþróttir hafa alltaf verið stór hluti af ásýnd Pútíns og þess vegna ákvað hann að taka hart á vandamálinu.

Pútín hefur tekið hart á drykkju og reykingum. NORDICPHOTOS/GETTY

Áfengisneysla hefur haft mikil áhrif á heilsufar þjóðarinnar og um tíma voru lífslíkur rússneskra karlmanna undir 60 árum. Talið var að 52 prósent allra dauðsfalla Rússa á aldrinum 15 til 54 ára mætti rekja til áfengisneyslu, en heimshlutfallið var aðeins 4 prósent.

Meðalævilengd Rússa náði lágmarki árið 1994 en frá 2004 hefur hún verið á uppleið. Inn í þetta spilar að Pútín hefur einnig hert reglur um tóbaksreykingar. **– khg**

+PLÚS

Fagna 70 ára afmæli Alþýðulýðveldisins

Það var mikið um dýrðir í gær í Peking, höfuðborg Kína, þegar stjórnvöld fögnuðu 70 ára afmæli Alþýðulýðveldisins Kína. Ráðamenn kínverska kommúnistaflokksins nýttu afmælið til að sýna vaxandi hernaðarmátt landsins með mikilli hersýningu á Torgi hins himneska friðar. Þar þrömmuðu um 15.000 hermenn og sýnd voru margvísleg hergögn undir ræðuhöldum Xi Jinping, forseta Kína.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

FIMMTUDAGUR **7. NÓVEMBER** 19:30 **UPPSELT**

FÖSTUDAGUR **8. NÓVEMBER** 19:30 **AUKATÓNLEIKAR**

VÍKINGUR OG DANÍEL

Þú getur skannað og hlustað á verkin á Spotify

Edvard Grieg Pétur Gautur, valdir þættir

Daníel Bjarnason Processions, píanókonsert

W.A. Mozart Hornkonsert nr. 3

Jean Sibelius Sinfónía nr. 5

Daníel Bjarnason
hljómsveitarstjóri

Víkingur Heiðar Ólafsson
einleikari

Radovan Vlatković
einleikari

Það var stórviðburður í íslensku tónlistarlífi þegar Víkingur Heiðar frumflutti nýjan píanókonsert Daníels Bjarnasonar, Processions, með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2009. Í kjölfarið hefur konsertinn hljómað víða um heim og hlotið frábæra dóma heimspressunnar. Víkingur er kominn í hóp fremstu einleikara á heimsvísu og undanfarin misseri hefur hann leikið með helstu hljómsveitum í Evrópu og Bandaríkjunum. Í nóvember heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Þýskalands og Austurríkis. Í Konzerthaus í Berlín verða haldnir tónleikar með Víkingi sem er nú staðarlistamaður tónleikahússins, en einnig verða haldnir tónleikar í München og Salzburg, þar sem króatíski hornsnillingurinn Radovan Vlatković leikur einnig einleik.

Í aðdraganda ferðarinnar leikur Sinfóníuhljómsveit Íslands efnisskrána í Hörpu. Þar hljóma sívinsælir þættir úr Pétri Gaut eftir Grieg, yndisfagur hornkonsert Mozarts og kröftug sinfónía Sibeliusar, auk píanókonsertsins Processions.

Strax seldist upp á tónleikana en nú hefur aukatónleikum verið bætt við 8. nóvember.

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfó

Bakhjarl í flutningum
TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili :
GAMMA

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Í SAMSTARFI VIÐ
BÍLABÚÐ BENNA

VILTU VINNA AFNOT
AF RAFMÖGNUÐUM
OPEL AMPERA-E?



*423 km á einni hleðslu skv. WLTP staðli.

Opel Ampera-e er 100% rafmagnsbíll sem heldur ekki aftur af þér. Hann fer allt að 500 km* á einni hleðslu, er rúmgóður og þægilegur. Umhverfisvænni kostur sem kemur þér alla leið.

www.frettabladid.is

Skráðu þig á frettabladid.is og þú gætir unnið!

Vinningshafi verður dreginn út þann 15. október.

Bílabúð Benna

Max Baru var í framlínu verkfallsaðgerða Eflingar í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skipað að þegja um kjarasamninginn

Fyrrverandi sviðsstjóri félagssviðs Eflingar segir mikla óánægju hafa ríkt með kjarasamninginn sem gerður var við Samtök atvinnulífsins í vor. Haldnir hafi verið lokaðir fundir þar sem fólk var skikkað til að samþykkja samninginn.

KJARAMÁL Félagssvið Eflingar var stofnað haustið 2018 og Maxim Baru, eða Max eins og hann er iðulega kallaður, var ráðinn sem sviðsstjóri. Hann er frá Kanada og segist hafa verið ráðinn á þeim forsendum að skipuleggja verkfallsaðgerðir félagsins. Var hann í framlínunni í verkfallsaðgerðum Eflingar í vor.

„Ég var á góðum launum, vann náið með forystunni til að byrja með og skrifaði meira að segja hvað Sólveig Anna átti að segja um verkföllin. Síðan hvarf hún alveg inn í kjaraviðræðurnar. Á meðan var ég með hóp starfsmanna að vinna hörðum höndum að skipulagi," segir Max.

„Við vorum hópurinn sem fór á vinnustaði og töluðum pólsku og sýndum félagsmönnum hvernig þeir gátu kosið," segir Max.

Christina Milcher, sem starfaði á félagssviði Eflingar, og Eliasz Robakjewicz, sem starfaði í verkfallsteyminu, segja bæði að Max hafi verið kallaður á fund nokkrum dögum fyrir undirritun kjarasamninganna, hann hafi ekki fengið að hafa neinn með sér. „Hann var rekinn, okkur var bara tilkynnt um þetta án málalenginga," segir Christina. Eliasz tekur undir þetta. „Við vorum búin að vinna langa daga og vorum að skipuleggja verkföll rútubílstjóra," segir Eliasz. „Við, þar með talinn Max, fórum aldrei gegn forystu Eflingar. Þau voru mjög ánægð framan af, síðan myndaðist mikil spenna í kringum viðræðurnar."

Engar ástæður eru gefnar fyrir uppsögninni í bréfi Sólveigar Önnu Jónsdóttur, formanns Eflingar, til Max dagsettu 29. mars annað en að uppsögnin sé varanleg og taki gildi samdægurs. Max segir ástæðuna vera þá að Sólveig Anna og hennar nánustu samstarfsmenn hafi á einhvern hátt óttast að hann væri að verða of valdamikill.

> **Það voru almenn vonbrigði með samninginn. Það voru lokaðir fundir þar sem fólki var beinlínis skipað að samþykkja samninginn. Hátt sett fólk var að segja við mig að því hefði verið skipað að halda kjafti.**

Max Baru, fyrrverandi sviðsstjóri félagssviðs Eflingar

Var það skilningur þeirra sem unnu með Max að þau myndu starfa áfram eftir að Efling semdi til að taka þátt í að skipuleggja verkföll opinberra starfsmanna. Hópurinn var leystur upp í kjölfar brottvikningar Max.

Fram kemur í bréfi Sólveigar Önnu til starfsmanna félagssviðs að það verði fljótlega farið yfir ástæður þess að Max var rekinn. „Það var alvarlegur trúnaðarbrestur milli mín og Max Baru. Eina lausnin var að reka hann frá Eflingu," segir í bréfi Sólveigar, dagsettu 31. mars síðastliðinn. Í bréfinu segir einnig að hún voni að starf hópsins muni halda áfram.

Christina segir að stjórnarmeðlimir, starfsmenn og meðlimir samninganefndar Eflingar hafi óskað eftir að funda með Sólveigu Önnu, Viðari Þorsteinssyni framkvæmdastjóra og Berglindi Rós Gunnarsdóttur, sviðsstjóra skrifstofu- og mannauðssviðs, varðandi brottrekstrinn. Boðaðir hafi verið tveir fundir en Berglind og Viðar hafi aflýst þeim báðum.

Í bréfi sem Christina sendi Sólveigu Önnu, Viðari og Berglindi 4. apríl segir hún að það sé skilningur margra að brottrekstur Max megi rekja til valdabaráttu sem gæti komið félaginu illa. Stuttu síðar fundaði hún með Viðari og fór í kjölfarið í leyfi.

Max segir forystu Eflingar hafa skikkað stjórnarmenn og trúnaðarmenn til að fá félagsmenn til að samþykkja kjarasamninginn við Samtök atvinnulífsins. Því hafi hann ekki viljað taka þátt í. „Það voru almenn vonbrigði með samninginn. Það sjá það allir sem bera saman kröfugerðina og lokaniðurstöðuna. Það voru lokaðir fundir þar sem fólki var beinlínis skipað að samþykkja samninginn. Hátt sett fólk var að segja við mig að því hefði verið skipað að halda kjafti. Þau vildu ekki hafa mig á vinnustöðunum að tala um innihaldið," segir Max. „Það er mjög sorglegt að svona hafi farið, við héldum að eitthvað myndi breytast með nýrri forystu."

arib@frettabladid.is
sighvatur@frettabladid.is

Sek um morð á stjúpsyninum

SPÁNN Ana Julia Quezada var í gær fundin sek um að hafa myrt stjúpson sinn í febrúar á síðasta ári. Fórnarlambið var hinn 8 ára Gabriel Cruz, sonur Angel Cruz, þáverandi sambýlismanns hennar. Ana hlaut lífstíðardóm, án möguleika á reynslulausn í að minnsta kosti 25 ár, sem er hámark refsilöggjafarinnar.

Gabriel hvarf þann 27. febrúar í fyrra eftir heimsókn til ömmu sinnar, nálægt borginni Almeria, og hófst leit um allan Spán. Hundruð sjálfboðaliða tóku þátt og athygli var vakin á hvarfi Gabriels undir myllumerkinu #TodosSomosGabriel, eða „við erum öll Gabriel". Ana, sem er frá Dóminíska lýðveldinu, tók þátt í leitinni og ræddi tárvot við fréttamenn. Þann 3. mars fór lögregluna að gruna að maðkur væri í mysunni eftir að hún sagðist hafa fundið bol Gabriels á stað sem búið var að kemba tvisvar. Þann 11. mars fannst lík Gabriels í skotti bifreiðar hennar.

Ana leidd úr dómshúsinu í Almeria. NORDICPHOTOS/GETTY

Dánarorsök Gabriels var köfnun og Ana viðurkenndi fyrir dómi að hafa valdið dauða hans. Hún sagðist þó hafa kæft hann fyrir slysni þegar hún var að reyna að þagga niður í honum. – **khg**

Enn standa yfir kröftug mótmæli í Hong Kong og mynduðu lýðræðissinnar keðju með fram höfninni. Markmið mótmælanna er að draga athygli frá hátíðahöldum í tilefni af 70 ára afmæli Alþýðulýðveldisins Kína. Mótmælin hafa staðið yfir frá 28. september. NORDICPHOTOS/GETTY

Priti Patel, innanríkisráðherra Bretlands, flutti ræðu á árlegri ráðstefnu breska Íhaldsflokksins í ráðstefnuhúsinu í Manchester í gær. Boris Johnson, forsætisráðherra, Breta mætti einnig á ráðstefnuna þar sem hann sagði að nýrra tillagna um Brexit-samninginn væri að vænta fljótlega. NORDICPHOTOS/AFP

Franskir þingmenn sýndu fyrrverandi forseta landsins, Jacques Chirac, virðingu sína með mínútu þögn við upphaf þingfundar í gær. Forsetinn fyrrverandi lést þann 26. september síðastliðinn, 86 ára að aldri. NORDICPHOTOS/AFP

Haldið var upp á 70 ára afmæli Lýðveldisins Kína með pompi og prakt í gær. Skrúðgöngu var varpað á risaskjá þar sem borgarar landsins gátu fylgst með herlegheitunum. Forseti Kína, Xi Jinping, lýsti því yfir í ræðu sinni að ekkert gæti stöðvað uppgang Kínverja, ekki einu sinni mótmælendur í Hong Kong eða viðskiptastríð Donalds Trump. NORDICPHOTOS/GETTY

Eþíópíski hlauparinn Getnet Wale bar sigur úr býtum í 3.000 metra hlaupi karla á IAAF-heimsmeistaramótinu sem fram fór á Khalifa-leikvanginum í Doha í gær. Mótið stendur yfir frá 27. september til 6. október. NORDICPHOTOS/AFP

Ótrúlegt verð á skrifstofuhúsgögnum

NEO DESIGN®

AFSLÁTTUR 25.000 KR.

Ventilo skrifborðsstóllinn

- Hæðarstilling
- Stillanlegur stuðningur við mjóhrygg
- Samhæfð stilling setu og baks fylgir hreyfingum notandans
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd
- Dýptarstillanleg seta
- Hæðarstillanlegir armar
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Svartur hjólakross
- Gerður fyrir notendur allt að 110 kg

Hönnun: Michael Magrin

Tilboðsverð:
54.900 kr.
Verð áður **79.900 kr.**

Kinnarps®

FRÁBÆRT TÆKIFÆRI

Rafhækkanlegt skrifborð

Nú eru síðustu forvöð að kaupa rafhækkanlegt, tveggja mótora skrifborð úr T-línunni áður en framleiðslu þess verður hætt. Eitt verð, óháð stærð eða gerð borðplötu.

- Gæðaborðplötur – tvær stærðir á sama verði: 160 x 80 cm / 180 x 80 cm
- Tvær gerðir af borðplötum: spónlagðar með eik eða beyki
- Rafstýrð hækkun frá 61,5 cm upp í 128 cm
- **Tveir mótorar**

Einstakt verð:
59.900 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Opið virka daga 8:00–18:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn Húsgögn

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 92675 09/19

Að brenna sig á sama soðinu

Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Nú berast tíðar fréttir af málum sem koma til kasta Mannréttindadómstóls Evrópu. Nú síðast um hlutabréfaeignir dómara við Hæstarétt sem dæmdu í svokölluðum hrunmálum sem vörðuðu banka þar sem dómararnir áttu sjálfir fjármuni undir. Fréttir sem þessar eru stórfréttir enda eru líkurnar á að dómstóllinn taki mál til efnislegrar meðferðar almennt sáralitlar. Raunar komast mál ekki í gegn nema eftir hafsjó af pappírsvinnu og að útlit sé fyrir að brotið hafi verið á mannréttindum. Brotabrot allra innsendra mála fær efnislega úrlausn og dæmin sýna að mannréttindi eru oft látin lönd og leið á okkar litla landi.

Sífellt fleiri Íslendingar hafa leitað til dómstólsins á undanförnum árum. Frá árinu 2003 hefur hann tekið 29 kærur á hendur íslenska ríkinu til meðferðar, þar af tíu á síðustu tveimur árum, og beið íslenska ríkið lægri hlut í sex þessara tíu mála. Sex áfellisdómar yfir íslenska ríkinu. Sex sinnum traðkað á mannréttindum íslenskra ríkisborgara. Vissulega hafa einhverjar réttarbætur verið gerðar, en dómurum ber engin skylda til þess að fylgja fordæmum Mannréttindadómstólsins, enda er hann er ekki áfrýjunardómstóll, svo að mannréttindabrot ríkisins fá að standa um aldur og ævi.

Á sama tíma og hver dómurinn á fætur öðrum fellur á hendur íslenska ríkinu lýsa ráðamenn yfir efasemdum um ágæti dómstólsins – að minnsta kosti þegar þeim hugnast ekki niðurstaðan. Slík órökstudd orðræða er ekki til þess fallin að auka traust á stjórn- og réttarkerfinu heldur er hún óábyrg og lýsir fyrst og fremst virðingarleysi í garð þeirra sem í hlut eiga.

Ef ráðamenn treysta ekki fjölþjóðlegum erlendum dómstóli, sem við höfum átt aðild að í meira en sex áratugi, þá verða þeir að segja svo og taka síðan ákvörðun um hvort við hreinlega drögum aðild okkar til baka eða viðurkennum eigin mistök og gerum betur. Það þarf að vera hægt að treysta því að ríkisvaldið vinni mál sín af einurð, festu og réttlæti og láti persónulega gremju ekki hlaupa með sig í gönur.

Hvað sem því líður er löngu orðið tímabært að stjórnvöld geri gangskör að því að nema úr gildi þau lög sem skerða réttindi einstaklingsins og haldi áfram eðlilegri réttarþróun samhliða breyttri réttarvitund. Sömu mistökin eiga ekki að gerast tvisvar og mannréttindi mega ekki lengur mæta afgangi. Dómstólar eiga að sama skapi ekki að leggjast á sveif með almenningsáliti hverju sinni, líkt og oft virðist raunin. Réttarkerfið þarf að standa í lappirnar.

Það þarf að vera hægt að treysta því að ríkisvaldið vinni mál sín af einurð, festu og réttlæti og láti persónulega gremju ekki hlaupa með sig í gönur.

Halldór

Frá degi til dags

Davíðslínan

Æ ljósara er að Sjálfstæðismenn í borginni hafa ákveðið að taka hina svokölluðu Davíðslínu. „Ég tók því upp öll mál, jafn vel þó að ég væri í hjarta mínu samþykkur þeim, og hjólaði í þau því ég leit á stjórnarandstöðu sem stjórnarandstöðu," sagði Davíð Oddsson, fyrrverandi borgarstjóri. Sjálfstæðisflokkssystkini Eyþórs Arnalds kvarta nú undan framgöngu hans varðandi samgöngusáttmálann. Eyþór sé á móti til þess eins að vera á móti. Auðvitað er Eyþóri vorkunn að allir vinir hans séu að leika við Dag B., skrifa undir flott plagg og brosa fyrir myndavélarnar. Ef hann hefði boðið sig fram í Kópavogi gæti hann verið með vinum sínum á myndinni.

Það var tilgangurinn

Ekki hefur verið spiluð síðasta nótan í Braggablúsnum svokallaða í Nauthólsvík. Bragginn Bistro hefur skellt í lás, í næstu viku munu eigendur Nauthóls taka við barnum sem útsvarsgreiðendur borguðu fyrir. Verður lögð áhersla á að bragginn verði félagsaðstaða fyrir nemendur HR og það gert í samstarfi við stúdentafélagið. Athygli vekur að það var nákvæmlega tilgangurinn með bragganum þegar verkefnið var kynnt við hátíðlega athöfn fyrir fjórum árum.

kristinnhaukur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Miðborgir allt um kring

Hildur Björnsdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

Tölurnar sýna glöggt með hvaða hætti borgarbúar vilja þróa verslunarumhverfið – í átt að iðandi mannlífi og lifandi miðborg.

Varanlegar göngugötur eru fyrirhugaðar í miðborg Reykjavíkur. Ágreiningur um fyrirkomulagið hefur staðið yfir um áratugaskeið. Rekstraraðilar hafa verið andvígir göngugötum, en íbúar fylgjandi.

Hefðbundin verslun á undir högg að sækja hérlendis sem erlendis. Nýlegar fregnir herma að fyrstu sex mánuði ársins hafi 2.868 verslanir lagt upp laupana í Bretlandi. Mestan vöxt má finna í netverslun. Sams konar þróun má greina meðal annarra verslunarþjóða. Reynslan sýnir að hefðbundin verslun verði að bjóða jákvæða og nýstárlega upplifun, ætli hún að halda velli.

Fjöldi evrópskra borga hefur skipulagt verslunargötur sem taka mið af gangandi umferð. Upplifunin hefur verið jákvæð fyrir neytandann og mætt nýjum áskorunum í verslun. Kaupmannahöfn, Stokkhólmur, Helsinki og Ósló eru nærtæk dæmi. Áform um göngugötur í borgunum mættu andstöðu í upphafi. Reynslan sýndi þó að mannlíf batnaði, verslun jókst og ánægja óx.

Barselónaborg innleiddi árið 2016 nýtt skipulag sem miðar að því að hólfa borgina niður í bíllaus svæði. Bílaumferð ferðast þannig umhverfis svæðin, en innan þeirra tekur allt skipulag mið af mannvænu umhverfi. Skipulagið mætti talsverðri andstöðu í fyrstu en mælingar sýna nú mikla ánægju meðal íbúa. Áhrif á loftgæði og lýðheilsu eru jákvæð auk þess sem verslun í nærumhverfi hefur aukist um þriðjung.

Með sama hætti hafa borgir á borð við París, Madríd og London þróað bíllausar verslunargötur. Berlínarborg vinnur að sams konar áformum. Borgarstjóri Lundúnaborgar hefur kynnt áform um 800 metra bíllausan kafla á Oxford-stræti. Þróunin á sér stað allt um kring.

Rekstraraðilar þurfa engu að kvíða. Mælingar sýna mikla jákvæðni íbúa gagnvart breytingunum – það gildir einu hvaða borgarhluti eða aldurshópur er skoðaður – alls staðar er jákvæðnin í fyrirrúmi. Af tölunum má jafnvel spá fyrir um fjölgun heimsókna í miðborg eftir breytingar. Í síbreytilegu markaðsumhverfi ræður viðskiptavinurinn að lokum örlögum verslunar. Tölurnar sýna glöggt með hvaða hætti borgarbúar vilja þróa miðborgina – í átt að iðandi mannlífi og lifandi miðborg.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FRAMKVÆMDASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*,
MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Mannréttindi – drifkraftur breytinga

Hanna Katrín Friðriksson
þingmaður Viðreisnar

Diljá Mist Einarsdóttir
lögfræðingur og aðstoðarmaður utanríkisráðherra

Andri Óttarsson
lögfræðingur

Erla Hlín Hjálmarsdóttir
sérfræðingur á þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Alþjóðadag án ofbeldis ber upp á afmælisdag Mahatma Gandhi sem fæddist 2. október fyrir réttum 150 árum. Ísland er eitt friðsælasta land veraldar og landsmenn eru áfram um að leggja lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn ofbeldi og fyrir mannréttindum. Mannréttindi eru einn af hornsteinunum í utanríkisstefnu Íslands og á alþjóðavettvangi er nú lögð aukin áhersla á málaflokkinn.

Ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir tímabilið 2019-2023 var samþykkt á Alþingi í maí 2019. Í fyrsta sinn er byggt á mannréttindamiðaðri nálgun, en hún felur það í sér að í öllu starfi Íslands eru mannréttindi höfð að leiðarljósi. Enn fremur er lögð rík áhersla á að framlög til þróunarsamvinnu nýtist vel og að árangur af starfi Íslands sé sýnilegur. Í fimm ára áætlun stjórnvalda er jafnframt gert ráð fyrir aukningu á heildarframlögum Íslands til þróunarsamvinnu.

Staða mannréttinda á Íslandi er góð í samanburði við aðrar þjóðir og Íslendingar eru vel í stakk búnir til að láta gott af sér leiða í þeim efnum.

Miklar breytingar hafa orðið í þróunarsamvinnu á undanförnum árum, ekki síst vegna aukinnar efnahagslegrar og pólitískrar aðkomu stórra ríkja eins og Brasilíu, Indlands, Kína og Suður-Afríku. Vestræn ríki leggja því til hlutfallslega minna fjármagn í þróunarlöndum en áður og hafa þannig minni áhrif. Skýr stefna og sýn þar sem Ísland er málsvari mannréttinda er þess vegna mikilvægari en nokkru sinni.

Utanríkisráðherra skipaði starfshóp til að greina og útfæra þær leiðir sem heppilegt er fyrir Ísland að fara við innleiðingu mannréttindamiðaðrar þróunarsamvinnu í tvíhliða samstarfi. Þetta á t.a.m. við um sértækar aðgerðir, málsvarastarf og samþættingu mannréttinda við þróunarsamstarf Íslands í tvíhliða samstarfslöndum Íslands, Malaví og Úganda.

Skýrsla starfshópsins, Mannréttindi sem drifkraftur breytinga, var gefin út í maí 2019 og birt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins. Í skýrslunni er sett fram 21 tillaga um hvernig nálgast má þróunarsamvinnu á mannréttindamiðaðan hátt. Þar er einnig að finna almenna umfjöllun um mannréttindamiðaða nálgun, starf Íslands í þróunarsamvinnu og stöðu mannréttinda í samstarfslöndunum tveimur. Þar, líkt og víðar í löndum sunnan Sahara, er víða pottur brotinn þegar kemur að mannréttindum.

Helstu niðurstöður starfshópsins eru að bæta þurfi um betur í mannréttindamiðaðri nálgun í þróunarsamvinnu. Tekið er undir nýja þróunarsamvinnustefnu og lögð áhersla á að sýna fram á árangur af starfi Íslands. Í niðurstöðum hópsins kemur jafnframt fram að styrkur Íslands felist helst í sveigjanleika og að tekin sé áhætta endrum og eins.

Staða mannréttinda á Íslandi er góð í samanburði við aðrar þjóðir og Íslendingar eru vel í stakk búnir til að láta gott af sér leiða í þeim efnum. Eitt mikilvægasta framlag Íslendinga í þróunarsamvinnu er því kynning á þeim grunngildum sem við höfum fest svo rækilega í sessi; frelsi og jafnrétti fyrir alla. Til að Ísland geti haft áhrif á stöðu mannréttinda í viðtökuríkjum verður að sýna framsýni og stefnufestu, ekki síst varðandi áherslur Íslands á sjálfbær samfélög í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og uppbyggingu atvinnulífs. Einnig þarf að sýna staðfestu í verkefnavali og tala fyrir mannréttindum. Ísland verður ætíð að vera tilbúið að vera í fylkingarbrjósti í baráttunni fyrir auknum mannréttindum og það er viðeigandi að minna á það á alþjóðadegi án ofbeldis.

Litla öskubuskuævintýrið í Portúgal

Famalicão, smálið í portúgölsku deildinni, situr aleitt og yfirgefið í efsta sæti eftir sjö umferðir. Liðið er nýliði í deildinni og árangur þess er forvitnilegur – en samt ekki.

Alex Centelles, sem er á láni hjá Famalicão frá Valencia, fagnar sigrinum gegn stórliði Sporting á dögunum af mikilli innlifun. NORDICPHOTOS/GETTY

FÓTBOLTI Kóngarnir í Portúgal þessa stundina eru litla liðið Famalicão. Liðið er efst eftir sjö umferðir og lagði einn af risunum í portúgalska fótboltanum, Sporting frá Lissabon, í síðustu umferð á útivelli. Liðið er í eigu forríks Ísraela, Idan Ofer, og Quantum Pacific Group sem á einnig stóran hlut í Atletico Madrid. Liðið rauk upp úr annarri deildinni fyrir þetta tímabil og fékk 19 nýja leikmenn fyrir tímabilið. Ofurumboðsmaðurinn Jorge Mendez er einnig með puttana í liðinu því nokkrir ungir og efnilegir skjólstæðingar hans eru á mála hjá því.

Liðið er svo óþekkt og svo lítið að þegar þrjár umferðir voru búnar og liðið á toppnum var varla hægt að finna merki þess – þó að það væri gúglað. Meira að segja Helgi Valur Daníelsson, sem lék í portúgölsku deildinni og fylgist að eigin sögn ágætlega með deildinni, hafði ekki hugmynd um hvaða lið þetta væri þegar eftir var leitað. Eðlilega, því fyrir áratug var liðið í fimmtu deild og fór í aðra deildina fyrir fimm árum. Það komst upp í maí en var spáð rakleiðis beint niður aftur. En peningar geta gert kraftaverk í fótboltanum. Idan Ofer, sem metinn er á 5,1 milljarð dollara sem eru ansi margar íslenskar nýkrónur, fer fyrir fjárfestingarfélagi sem á einnig um þriðjung í Atletico Madrid og liðið er nýjasta leikfang þess.

Snemma í september jók Ofer hlut sinn í Famalicão upp í 85 prósent. Hann dældi peningum inn í félagið og fékk liðið 19 nýja leikmenn til sín. Leikmennirnir sem komu voru ekkert slor því þeir voru flestir á mála hjá Jorge Mendes og Gestifute-umboðsskrifstofunni. Þarna má finna Diogo Goncalves sem er í U-21 árs landsliði Portúgals og miðjumanninn Guga sem komu frá risunum í Benfica og eru undir handarjaðri Mendes en aðrir hafa komið frá öðrum liðum sem Mendes stýrir eins og Valencia á Spáni og Úlfunum á Englandi.

Staðan í Portúgal

	Leikir	S	J	T	+/-	Stig
1. Famalicão	7	6	1	0	16:7	19
2. Benfica	7	6	0	1	16:3	18
3. Porto	7	6	0	1	16:4	18
4. Vitoria	7	3	3	1	12:8	12
5. Sporting	7	3	2	2	11:9	11

Ruben Lameiras, sem spilaði í unglingaliði Tottenham kom í sumar og Josh Tymon, enskur vinstri bakvörður, hefur þótt magnaður. Sá er í láni frá Stoke en þjálfarinn, Joao Pedro Sousa, þekkir enska boltann vel eftir að hafa verið aðstoðarmaður hjá Hull, þar sem hann vann með Tymon, Watford og síðast Everton. Trúlega er Tymon sá eini sem er þarna fyrir hæfileika sína því þjálfarinn lagði mikla áherslu á að fá kappann. Þá er Gustavo Assuncao einnig á láni frá Atletico Madrid. Það kom lítið á óvart að Sousa var valinn stjóri ágústmánaðar og verður trúlega líka fyrir valinu í september.

Portúgalska deildin er númer átta yfir sterkustu deildir Evrópu. Flestir nýliðar í þeim deildum eru að ströggla í upphafi tímabilsins fyrir utan Famalicão og Granada á Spáni, sem situr í öðru sæti La Liga. Á Englandi eru nýliðarnir fyrir neðan 12. sæti og Aston Villa í fallsæti, nýliðarnir þrír í Þýskalandi eru allir við botninn, Brescia, Lecce og Genoa eru í neðri hlutanum á Ítalíu og í Frakklandi eru Metz og Brest í 17. og 18. sæti. Í Rússlandi eru nýliðarnir í Tambov í neðsta sæti en Sochi í því tíunda.

Heimavöllur liðsins tekur aðeins fimm þúsund manns í sæti.

Að Famalicão nái að halda sér á toppnum fram í maí er ekki líklegt. Það gerist sjaldan að einhver nái að skáka risunum þremur, Benfica, Sporting og Porto, sem hafa unnið deildina alltaf nema tvisvar. Boavista skákaði þeim árið 2001 og gamla félagið hans Helga Vals, Belenenses, varð meistari 1945. Næsti leikur Famalicão er einmitt gegn Porto sem situr í þriðja sæti, stigi á eftir litla liðinu. Hvort þetta verkefni takist hjá þeim Mendes og félögum skal ósagt látið en það er allavega alltaf gaman að fá upp ný andlit og nýtt félag á toppinn, hvar sem það er í Evrópu.

Ofurumbinn Jorge Mendes er með puttana víða í fótboltanum. Núna er Portúgal leikvöllurinn hans.

benediktboas@frettabladid.is

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni

- Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
- Fyrir norðlægar slóðir
- Fjarstýring fylgir
- Virkar niður í -30°C

Verð frá aðeins kr. 145.000 m.vsk
Midea KMB-E09
Max 3,4 kW
2,65 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,85)
f. íbúð ca 40m2.

Umhverfisvænn kælimiðill R32

Uppsetningaaðilar og umboðsmenn um allt land

Glæpagengi herja á stjörnurnar á Spáni

FÓTBOLTI Brotist var inn til Thomas Partey, leikmanns Atletico Madrid, á mánudaginn, degi eftir að brotist var inn til Casemiro, leikmanns Real Madrid, á meðan leikur Real og Atletico stóð. Glæpagengi herja á heimili leikmanna á Spáni og nýlega er búið að brjótast inn til að hið minnsta átján leikmanna en sem betur fer hefur enginn meiðst til þessa.

Heimilishjálp Partey var ein heima þegar glæpagengið mætti á svæðið og var skiljanlega brugðið eftir að henni var ógnað með byssu en hún slapp ómeidd á meðan ræningjarnir létu greipar sópa. Degi áður fóru ræningjar inn á heimili Casemiro þegar fjölskylda hans var heima en þau urðu ekki vör við óboðnu gestina.

Á síðustu mánuðum hefur verið brotist inn hjá Zinedine Zidane, knattspyrnustjóra Real Madrid, Isco og Lucas Vazquez sem leika allir með Real Madrid og Alvaro Morata, framherja Atletico Madrid.

Brotist var inn hjá Alba, Coutinho og Umtiti nýlega. NORDICPHOTOS/GETTY

Glæpagengin herja ekki aðeins á leikmenn Real og Atletico því fyrr á þessu ári var brotist inn til Samuels Umtiti, Gerards Pique, Jordi Alba, Arthurs, Philippe Coutinho og Kevin-Prince Boateng þegar þeir voru samningsbundnir Barcelona.

Þá hefur einnig verið brotist inn til leikmanna Villareal, Valencia og Real Betis síðustu vikurnar. – kpt

SÆKTU STYRK Í ÍSLENSKA NÁTTÚRU

Í rúm þúsund ár hafa Íslendingar nýtt íslensku hvönnina sér til heilsubótar og þæginda

SAGAPRO hefur hjálpað Íslendingum að fá góðan nætursvefn í 14 ár. Getur verið að það hjálpi þér? Vinsæl vara við tíðum þvaglátum.

Nú fæst **SAGAPRO** 60 stykki í áldósum

SAGAFEMME handa konum - til þess að viðhalda heilbrigðri þvagblöðru og -rás auk þess að efla varnir ónæmiskerfisins en þvagfærasýkingar geta framkallað einkenni ofvirkrar blöðru.

SAGAMEMO er ný og endurbætt náttúruleg þrenna fyrir gott minni og góða einbeitingu. Inniheldur nú lífrænu hvönnina, Ginkgo Bilboa og Bacopa Monnieri.

VOXIS hálstöflur eru unnar úr laufum ætihvannarinnar. Molarnir hafa reynst vel gegn særindum í hálsi eða ertingu og kvefi, bragðgóðir molar sem einnig fást sykurlausir.

Vörurnar fást í betri matvöruverslunum, apótekum og í vefverslun okkar, sagamedica.is. Framleitt af SagaNatura.

KEY natura

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

2. OKTÓBER 2019 MIÐVIKUDAGUR

Okkar ástkæri

Sigurjón Sveinbjörnsson

rafveituvirki,
Berghól, Hörgársveit,

lést á heimili sínu þann 29. september í faðmi fjölskyldunnar.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þann 10. október kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Akureyrar og Heimahlynningu á Akureyri.

Edda Björk Rögnvaldsdóttir
Anna Dögg Sigurjónsdóttir **Þóroddur Hjaltalín**
Ingibjörg Ósp Sigurjónsdóttir **Björn Óli Guðmundsson**
Andri Már Sigurjónsson **Bryndís Björk Barkardóttir**
og afabörn
Anna Sigurrós Sigurjónsdóttir

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Þórhallur Valgarð Aðalsteinsson

bifvélavirki,
frá Hliðskjálf, Húsavík,

lést þann 28. september sl.
Útför hans fer fram frá Húsavíkurkirkju laugardaginn 5. október kl. 13.00.

Margrét Þórhallsdóttir **Heiðar Sigvaldason**
Elín Þórhallsdóttir **Þórhallur Óskarsson**
Ríkarður Þórhallsson
Rebekka Ásgeirsdóttir **Hólmgeir Rúnar Hreinsson**
Auður, Sif, Rakel og Svana.

Heittelskaður eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir,

Jón Ólafur Þórðarson

lögfræðingur,

varð bráðkvaddur mánudaginn 23. september.
Útförin fer fram frá Guðríðarkirkju í Grafarholti föstudaginn 4. október kl. 13.00.
Jarðsett verður í Mosfellskirkjugarði í Mosfellsdal.

Bjarnveig Bjarnadóttir
Þórður Jónsson
Fríða Metz
Saad Metz

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu við andlát og jarðsöng elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu okkar,

Dagbjartar Ragnhildar Bjarnadóttur

frá Berserkseyri, Eyrarsveit,
Rauðalæk 21, Reykjavík.

Innilegar þakkir færum við starfsfólki á vegum Reykjavíkurborgar, á dvalarheimilinu Hrafnistu og á Landspítalanum fyrir alúð og góða umönnun.

Yngvi Pétursson **Marta Konráðsdóttir**
Kristín Pétursdóttir
Ásta Bjarney Pétursdóttir **Nicolai Jónasson**
Linda Björk Pétursdóttir
ömmubörn og langömmubörn.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Grímur H. Leifsson

rafvirkjameistari,

lést á Landspítalanum í Fossvogi þann 23. september.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 4. október kl. 13.

Emil Grímsson **Rikke Elkjær Knudsen**
Leifur Grímsson **Elsa Hrönn Reynisdóttir**
Sigríður Sif Grímsdóttir **Árni Arnórsson**
barnabörn og barnabarnabörn.

ÞETTA GERÐIST: 2. OKTÓBER 1847

Prestaskólinn tók til starfa í Reykjavík

Það var þennan mánaðardag árið 1847 sem Prestaskólinn var fyrst settur í Reykjavík. Hann var stofnaður í kjölfar þess að Bessastaðaskóli var lagður niður. Fyrsti forstöðumaður skólans var Pétur Pétursson sem síðar varð biskup Íslands.

Fram til ársins 1851 var Prestaskólinn starfræktur í húsi Lærða skólans í Þingholtunum sem hafði verið stofnaður ári fyrr. Þá fluttist hann í Hafnarstræti og síðan í Austurstræti 22 árið 1873. Þar var hann þar til Háskóli Íslands tók til starfa í Alþingishúsinu 17. júní 1911. Þá rann hann inn í Háskólann sem guðfræðideild hans.

Prestaskólinn varð þannig fyrsti vísirinn að Háskóla Íslands. Fram að stofnun hans hafði próf frá latínuskólunum, ásamt prófum sem prestar veittu, gilt sem undirbúningur undir prestsstarf á Íslandi.

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ólafur Jón Einarsson

læknir,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi 29. september síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 9. október kl. 15.

Lísa Ólafsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir
Arna Ólafsdóttir, tengdasynir og barnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Örn Gunnarsson

Gónhól 16, Reykjanesbæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 26. september 2019.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 11. október kl. 14.00.

Erna Þórdís Guðmundsdóttir
Jóhannes Már Arnarson **Óskar Þór Óskarsson**
Sigríður Pálína Arnardóttir **Ólafur Sævar Elísson**
Helgi Arnarson **Ragna Peta Hámundardóttir**
Kristinn Arnarson **Arna Helgadóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Móðir mín, amma og langamma,

Birna Ásgerður Björnsdóttir

Ásholti 12, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir síðastliðinn sunnudag.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 4. október kl. 15.00.

Ingibjörg Pétursdóttir
B. Börkur Eiríksson
Fura Barkardóttir
Ösp Barkardóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Anna Ragnheiður Guðnadóttir

Norðurbakka 17c, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 27. september.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði, föstudaginn 4. október klukkan 15.

Birgir Eyjólfsson
Margrét Alice Birgisdóttir
Kristrún Birgisdóttir
Guðni Birgisson
tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Jónsdóttir

frá Fagurhólsmýri,
Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

lést á Vífilsstöðum föstudaginn 27. september. Útför verður auglýst síðar.

Ágúst Sigurjónsson
Helga Jónína Sigurjónsdóttir
Guðný Sigurjónsdóttir
tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og bróðir,

Einar Ármannsson

Básahrauni 3,
Þorlákshöfn,

varð bráðkvaddur þann 17. september 2019. Útför hans fer fram frá Þorlákskirkju föstudaginn 4. október klukkan 13.

Ásdís Garðarsdóttir
Una Björg Einarsdóttir **Hallgrímur Stefánsson**
Arna Eir, Orri Hrafn og Stefán Fannar
Ármann Einarsson **Þórhalla Sólveig Jónsdóttir**
Jón Hjaltalín, Einar Þórhallur og Ólafur Kári
Emil Karel Einarsson
Laufey Ármannsdóttir
Freydís Ármannsdóttir **Helgi Sigurjónsson**
Steinþór Ómar Guðmundsson **Jóhanna Jónsdóttir**

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigríður Sveinlaug Guðmundsdóttir

Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum 24. september.
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. október kl. 13.00.

Elsa Óskarsdóttir **Hafsteinn Eggertsson**
Ingvar Sigurðsson **Pálína Þráinsdóttir**
Birna Leifsdóttir **Sigurður Valgeirsson**
Guðmundur Leifsson **Kristrún Runólfsdóttir**
Sævar Leifsson **Hildur Benediktsdóttir**
Sigrún Leifsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 2. október 2019

36. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TAGHeuer
NOMOS GLASHÜTTE
TUDOR
LONGINES
TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Þurfum traustar tölur

Villur í tölum Hagstofunnar hafa verið tíðari á þessu ári en áður. Hagfræðingur segir mikilvægt að fyrirtæki og stofnanir geti reitt sig á tölurnar. Hagstofustjóri segir að ekki hafi verið slakað á hvað vönduð vinnubrögð varðar. » 6

Við förum varlegar í að draga ályktanir af hagtölunum án þess að skoða málið betur.

Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

»2
Kanna greiðslur sem runnu frá Upphafi

Grunur leikur á um að ekki hafi verið eðlilega staðið að greiðslum til félaga sem komu að verkefnum fasteignafélagsins. Félag í eigu Guðbjargar í Eyjum fjárfesti fyrir hundruð milljóna í NOVUS. Sjóðsfélagar ráða ráðum sínum.

»4
Ávinningur af samvinnuleið í innviðafjármögnun

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir samvinnuleið ríkis og einkaaðila við fjármögnun innviða góðan kost. Flýtir framkvæmdum og heldur verkefnum innan áætlana. Mikilvægt sé að greina ábatann.

»10
Endalok hárra innlánsvaxta

„Innlánsstaða heimila er nú í sögulegu hámarki, um 900 milljarðar, og hefur nánast tvöfaldast frá árinu 2007. Afleiðingin er of einsleit eignasöfn sem geta setið föst í lélegri ávöxtun fram á veginn," segir Skúli Hrafn Harðarson, forstöðumaður hlutabréfa hjá Júpíter, í aðsendri grein.

NÝ VERSLUN OPTICAL STUDIO HEFUR OPNAÐ Á HAFNARTORGI

Þarf nýjar tryggingar við sölu Icelandair til Berjaya

Á meðal útistandandi skilyrða fyrir kaupum malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya Land Berhad á 75 prósentum hlutafjár í Icelandair Hotels er að Icelandair Group, eigandi hótelkeðjunnar, reiði fram nýjar tryggingar vegna leigusamninga milli Reita fasteignafélags og Icelandair Hotels. Við kaup Berjaya á meirihluta í íslensku hótelkeðjunni virkjast ákvæði í samningunum um breytingar á eignarhaldi í félaginu (e. change of control) og við það fellur úr gildi móðurfélagsábyrgð Icelandair.

Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, staðfestir í samtali við Markaðinn að félagið eigi þessa dagana í viðræðum við Icelandair um þetta atriði ásamt því að ræða fyrirkomulag leigusamninganna og mögulega lengingu þeirra. Hann segir að fyrir Reiti skipti máli að vera „ekki verr sett en áður“ og að félagið muni „meta gæði þeirra ábyrgða“ sem Icelandair reiði fram í stað þeirrar sem hingað til hefur verið. Viðræðurnar muni halda áfram á næstu vikum, að sögn Guðjóns.

Vincent Tan er eigandi félagsins sem kaupir Icelandair Hotels.

97

milljónir dala voru tekjur Icelandair Hotels í fyrra.

Leigusamningar Reita og Icelandair Hotels ná til Reykjavík Natura, Hilton Reykjavik Nordica og Hótel Öldu við Laugaveg sem hótelkeðjan keypti vorið 2018.

Malasíska félagið, sem var stofnað af milljarðamæringnum Vincent Tan, eiganda breska knattspyrnufélagsins Cardiff City, greiðir 53,6 milljónir dala, jafnvirði um 6,7 milljarða króna, fyrir hlutinn í Icelandair Hotels og þeim fasteignum sem tilheyra hótelrekstrinum.

Heildarvirði hótelkeðjunnar og tengdra fasteigna – hlutafé og vaxtaberandi skuldir – er 136 milljónir dala í viðskiptunum. Endanlegt verð mun ráðast af fjárhagsstöðu hótelkeðjunnar þegar kaupin ganga í gegn í lok ársins, háð skilyrðum frá báðum aðilum. Kaup malasíska risans eru meðal annars háð því að skuldir Icelandair Hotels verði endurfjármagnaðar með nýjum lánum upp á 64 til 72 milljónir dala sem jafngildir átta til níu milljörðum króna.

Tekjur Icelandair Hotels, sem rekur alls þrettán hótel auk sumarhótelkeðjunnar Hótel Eddu, námu 97 milljónum dala í fyrra og var EBITDA hótelrekstursins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – á sama tíma jákvæð um sjö milljónir dala. **–hae**

MARKAÐURINN
ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Kanna greiðslur sem runnu frá Upphafi

Grunur um að ekki hafi verið eðlilega staðið að greiðslum til félaga sem komu að verkefnum Upphafs. Félag Guðbjargar í Eyjum fjárfesti fyrir hundruð milljóna í sjóð GAMMA og Stoðir fyrir 500 milljónir í skuldabréfaútboði.

Nýir stjórnendur GAMMA, dótturfélags Kviku, vinna nú að því að taka saman og kanna greiðslur sem runnu frá Upphafi fasteignafélagi, sem er í eigu fagfjárfestasjóðsins GAMMA:NOVUS, til félaga sem komu að framkvæmdaverkefnum sem Upphaf hefur unnið að, vegna gruns um að ekki hafi verið eðlilega að þeim staðið. Þar er meðal annars um að ræða greiðslur, samkvæmt heimildum Markaðarins, til félaga sem tengjast Pétri Hannessyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Upphafs, starfsmannaleigunnar Elju, sem er stýrt og að hluta í eigu Arnars Haukssonar, bróðurs Gísla Haukssonar, annars af stofnendum GAMMA, og til verkfræðistofunnar Erils sem var eftirlitsaðili með fasteignaverkefnum Upphafs.

Í bréfi til sjóðsfélaga síðastliðinn mánudag voru sjóðsfélagar NOVUS upplýstir um að við endurmat á eignum og áætlunum sjóðsins þá væri eigið fé, sem þremur mánuðum áður var metið á um 3,9 milljarða, nú aðeins talið vera um 42 milljónir. Þá var gengi sjóðsins, sem fór hæst í 250 í árslok 2017, lækkað niður í 2 en það bráðabirgðagengi byggir á því að áform um viðbótarfjármögnun upp á einn milljarð króna, til að mæta lausafjárvanda Upphafs, gangi eftir. Samkvæmt endurskoðuðu ársuppgjöri fyrir 2018 var eigið fé NOVUS metið á 4,4 milljarða.

Á meðal einkafjárfesta sem voru hvað stærstir við fjármögnun NOVUS á sínum tíma var Guðbjörg Matthíasdóttir, aðaleigandi Ísfélags Vestmannaeyja, samkvæmt heimildum Markaðarins, en félag

42

milljónum nemur eigið fé NOVUS eftir endurmat á eignum.

í hennar eigu fjárfesti í sjóðnum fyrir hundruð milljóna. Félag Guðbjargar var einnig umsvifamikið í hópi fjárfesta sem lánuðu samtals 2,7 milljarða króna til Upphafs í tengslum við skuldabréf til tveggja ára sem félagið gaf út í byrjun júní á þessu ári. Þá voru Stoðir, stærsta fjárfestingafélag landsins, einnig á meðal þátttakenda í skuldabréfaútboðinu og fjárfestu í því fyrir samtals 500 milljónir króna, samkvæmt heimildum. Í kynningu til fjárfesta vegna skuldabréfaútboðsins, sem Markaðurinn hefur undir höndum, var gert ráð fyrir að vextirnir, sem ættu að greiðast á tólf mánaða fresti, yrðu 11 prósent en þeir urðu hins vegar að lokum 15 prósent.

Hópur sjóðsfélaga, sem hefur núna tapað að stærstum hluta þeim fjármunum sem þeir lögðu NOVUS til, ræður nú ráðum sínum og áformar að leita sér lögfræðiaðstoðar til að kanna réttarstöðu sína um hvort refsiverð háttsemi hafi átt sér stað í tengslum við starfsemi sjóðsins. Stofnfé sjóðsins, sem var komið á fót 2013, nam um 2,5 milljörðum en á árinu 2017 voru greiddar 850 milljónir til baka til eigenda sjóðsins.

Í skýringum til sjóðsfélaga á endurmetnu virði NOVUS hefur komið fram að raunveruleg framvinda margra verkefna Upphafs, sem hefur staðið í framkvæmdum og sölu á yfir 400 íbúðum á höfuðborgarsvæðinu, hafi reynst ofmetin. Þá hefur kostnaður við framkvæmdir á árinu verið langt yfir áætlunum auk þess sem fyrri matsaðferðir tóku ekki að fullu tillit til fjármagnskostnaðar félagsins sem hækkaði verulega við útgáfu fyrrnefnds skuldabréfs að fjárhæð 2,7 milljarðar í júní.

Ljóst er að fjöldi einkafjárfesta sem komu að fjármögnun NOVUS nemur að lágmarki tugum og þurfa þeir nú að afskrifa eign sína að fullu. Auk Guðbjargar voru í þeim hópi, samkvæmt heimildum Markaðarins, meðal annars Þorsteinn Vilhelmsson, fjárfestir og fyrrverandi aðaleigandi Matorku og Samherja, Pétur Guðmundsson, eigandi verktakafyrirtækisins Eyktar, Ingi Guðjónsson, fjárfestir og einn eigenda Lyfju, Friðrik Steinn Kristjánsson, stofnandi Invent Farma sem var selt fyrir um 30 milljarða árið 2016, og Frosti Bergsson, fjárfestir og fyrrverandi aðaleigandi Opinna kerfa.

Fjölmargir stofnanafjárfestar, tryggingafélög og lífeyrissjóðir, þurfa sömuleiðis að færa niður eignir hjá sér vegna NOVUS en TM hefur tilkynnt að tap félagsins nemi 300 milljónum króna og þá er tap Sjóvár um 155 milljónir.

Nýr sjóðsstjóri NOVUS er Máni Atlason, sem hefur samhliða verið ráðinn framkvæmdastjóri GAMMA, en hann starfaði áður á lögfræðisviði Kviku, en sá sem hefur leitt vinnu við endurmat á eignum GAMMA er Ásgeir Baldursson, fjárfestingastjóri hjá félaginu. Ingva Hrafni Óskarssyni, sem hafði stýrt NOVUS undanfarin ár, var sagt upp störfum á mánudag. **hordur@frettabladid.is**

Arion banki skoðar að færa markaðsviðskiptin í sérstakt félag

Arion banki er nú með það til skoðunar að færa markaðsviðskipti bankans, sem sinnir meðal annars miðlun á verðbréfum og gjaldeyri fyrir viðskiptavini, yfir í sérstakt félag.

Haraldur Guðni Eiðsson, upplýsingafulltrúi Arion, staðfestir þetta í svari til Markaðarins. „Á næstu vikum og mánuðum þá munum við skoða kosti þess að setja markaðsviðskiptin í sérstakt félag sem yrði þá dótturfélag bankans,“ segir Haraldur.

Hann tekur hins vegar fram að engar ákvarðanir hafi enn verið teknar en að bankinn muni skoða kosti og galla þessarar hugmyndar á næstunni.

Verði niðurstaðan sú að færa markaðsviðskipti bankans í sérstakt dótturfélag mun Arion banki einnig horfa til þess, samkvæmt heimildum Markaðarins, að bjóða tiltekinn hluta félagsins til sölu til handa lykilstarfsmönnum á sviði verðbréfamiðlunar þannig að þeir yrðu hluthafar á móti bankanum.

Tilkynnt var um viðamiklar skipulagsbreytingar og hagræðingaraðgerðir hjá Arion banka í lok síðustu viku, sem fólu meðal annars í sér að hundrað starfsmönnum var sagt upp, og samkvæmt nýju skipuriti bankans færðust markaðsviðskipti undir nýtt svið, Markaði, en þau tilheyrðu áður fjárfestingarbankasviði.

Við þær breytingar fækkaði starfsmönnum markaðsviðskipta um liðlega helming og eru þeir núna átta talsins. **– hae**

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

NÝJAR EIGNIR TIL ÚTLEIGU

HAFNARTORG er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 200 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritara og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins verður undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.

DALVEGUR 32 samanstendur af tveimur staðsteyptum fjölnotahúsum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu tilbúnum á árinu 2019 til vorsins 2020. Leigurýmin eru frá 800 til 1.750 fermetrar sem henta undir fjölbreytta starfsemi þ.m.t. fyrir notendur sem kjósa miðlæga staðsetningu með tilliti til verslunar eða vörudreifingar. Nýtanleg lofthæð er um 8 metrar og tækifæri er að aðlaga húsin að þörfum notandans.



REYKJASTRAETI.IS

Sími 571 4990 | pall@reykjastraeti.is

Jói Fel

BAKARÍ

VEISLU BAKKAR AÐ HÆTTI JÓA FEL

MAKKARÓNUR OG ANNAÐ GOTT

NÝTT HJÁ JÓA FEL! VEGANBAKKI

ÍTALSKUR SNITTUBAKKI

GRÆNN BAKKI

PINNABAKKI

Skoðið úrvalið í nýrri vefverslun www.joifel.is

Ávinningur af samvinnuleið

Framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins segir samvinnuleið ríkis og einkaaðila við fjármögnun innviða góðan kost. Flýtir framkvæmdum og heldur verkefnum innan áætlana. Mikilvægt sé að greina ábatann.

Samvinnuleið ríkis og einkaaðila við fjármögnun uppbyggingar á innviðum er góður kostur fyrir ríkið í ljósi þess að hún krefst minni fjármagnsbindingar og flýtir framkvæmdum. Uppbyggingin með slíkum hætti sé líklegri til að vera á áætlun, bæði hvað varðar tíma og kostnað. Þetta segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, í samtali við Markaðinn um tækifærin sem felast í samvinnuleiðinni (e. public private partneship).

„Það er staðreynd að hér á landi er mikil uppsöfnuð þörf fyrir framkvæmdir og uppbyggingu innviða," segir Sigurður sem mun halda erindi í dag á ráðstefnu um samvinnuleiðina (e. public private partneship) sem Arion banki stendur fyrir á morgun, fimmtudag. Hann vísar til skýrslu sem Samtök iðnaðarins birtu fyrir tveimur árum. Þar var uppsöfnuð viðhaldsþörf metin á 372 milljarða króna fyrir utan nýfjárfestingar. Þá nefnir hann einnig að í skýrslu sem OECD gaf nýlega út hafi komið fram að íslenskir innviðir væru komnir að þolmörkum.

„Þetta hefur áhrif á framleiðni vegna þess að innviðir leggja grunn að verðmætasköpun hagkerfisins. Góðir samgönguinnviðir nýtast til að mynda greinum eins og ferðaþjónustunni til að skapa verðmæti og útflutningstekjur," segir Sigurður.

„Samvinnuleiðin er góður kostur fyrir ríkið vegna þess að hún krefst minni fjármagnsbindingar af hálfu ríkisins og flýtir framkvæmdum. Rannsóknir hafa sýnt að innviðafjárfestingar sem eru framkvæmdar með samvinnuleiðinni eru líklegri til að vera á áætlun, bæði hvað varðar tíma og kostnað," segir Sigðurður og bætir við að viðhaldi sé gjarnan betur sinnt í slíkum verkefnum.

Fulltrúar ríkisvaldsins og sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu undirrituðu í síðustu viku samkomulag um uppbyggingu samgönguinnviða og almenningssamgangna á svæðinu næstu 15 árin. Gert er ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 120 milljarða og að gjaldtaka muni standa undir 60 milljörðum.



Sigurður segir að samvinnuleiðin þurfi að koma til viðbótar við önnur verkefni stjórnvalda. Fréttablaðið/Eyþór

Bankar verði í lykilhlutverki

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, sem er á meðal fyrirlesara á ráðstefnunni, segir að í ljósi lækkandi vaxta hér á landi eigi innviðafjárfestingar að geta verið áhugaverður kostur fyrir stofnanafjárfesta.

„Það á ekki síst við um lífeyrissjóðina, en fyrirséð er að þeir stækki mikið á næstu árum og áratugum. Fjárfestingarþörf í innviðum er veruleg, hvort sem litið er til hefðbundinna innviða eða samfélagslegra innviða, og ekki hægt að gera ráð fyrir því að ríkissjóður beri allan kostnað af þeim framkvæmdum. Fjármálastofnanir munu gegna lykilhlutverki í því að leiða saman einkaaðila og opinbera aðila við innviðafjármögnun til framtíðar litið."

„Samvinnuleiðin þarf að koma til viðbótar við önnur verkefni sem stjórnvöld eru að vinna að. Við höfum líka bent á að það þurfi að beita ábatagreiningum í meiri mæli við forgangsröðun verkefna og rímar það við áherslur OECD. Við vitum hver kostnaðurinn verður en við verðum að geta svarað spurningunni um hvers vegna sé verið að fara í þessar framkvæmdir en ekki aðrar," segir Sigurður.

„Þetta skiptir miklu máli þegar verkefnin verða fjármögnuð að helmingi með gjaldtökum. Þó að Samgöngusáttmálinn byggi ekki á samvinnuleiðinni hljóta sömu sjónarmið að gilda, þ.e.a.s. að greiðsluviljinn ráðist á endanum af ábatanum sem notandinn upplifir hvort sem um er að ræða styttri ferðatíma eða aukið umferðaröryggi. Við þurfum að passa að fólk upplifi ekki gjaldtökuna sem aukna skattlagningu".

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, stefnir að því að leggja fram frumvarp á vorþingi um svokölluð PPP-félög, samvinnufélög ríkisins og einkaaðila. Er frumvarpinu ætlað að greiða götuna fyrir samvinnuleiðina og segir Sigurður að það sé til marks um aukinn áhuga stjórnvalda á leiðinni. „Það er ljóst að áhugi stjórnvalda er til staðar og ég held að áhugi fjárfesta hafi verið til staðar um margra ára skeið," segir Sigurður. **thorsteinn@frettabladid.is**

> **Það er ljóst að áhugi stjórnvalda er til staðar og ég held að áhugi fjárfesta hafi verið til staðar um margra ára skeið.**
>
> Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Tapaði 458 milljónum á Icelandair

Tap Traðarhyrnu, sem stofnað var um kaup í Icelandair Group í febrúar 2017, jókst í 458 milljónir króna árið 2018 úr 169 milljónum króna árið áður. Gengi Icelandair Group lækkaði um 35 prósent í fyrra og það sem af er ári hefur gengið lækkað um þriðjung.

Traðarhyrna fjárfesti upphaflega í Icelandair Group fyrir 1,7 milljarða króna en við árslok 2018 átti félagið hlutabréf í flugfélaginu fyrir 740 milljónir. Fram kemur í reikningi Traðarhyrnu að félagið hafi í fyrra selt hlutabréf í Icelandair Group fyrir 310 milljónir króna. Traðarhyrna hefur haldið áfram að minnka hlut sinn á árinu.

Skuldir Traðarhyrnu við lánastofnanir námu 193 milljónum króna við árslok og var eiginfjárhlutfallið 74 prósent.

Athygli vekur að í lok síðasta árs var Traðarsteinn sem er í eigu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, og Helgu Guðmundsdóttur, fyrrverandi eiginkonu hans, ekki lengur á meðal hluthafa Traðarhyrnu. Áður var félagið stærsti hluthafinn með 20 prósenta hlut.

Auk þess er Eiríkur Ingvar Þorgeirsson augnlæknir ekki lengur á meðal hluthafa en hann átti 4,6 prósenta hlut við lok árs 2017. Fram kom í ársreikningi að Traðarhyrna hefði keypt eigin bréf fyrir 250 milljónir króna á á árinu.

Jafnframt kom fram í fréttum í ágúst síðastliðnum að Ómar Benediktsson, varaformaður stjórnar Icelandair Group, hefði fært hlutabréfaeign sína í flugfélaginu frá Traðarhyrnu yfir í félagið NT.

Fjögur félög áttu 13,9 prósenta hlut í Traðarhyrnu við árslok: Kvika banki, Snæból í eigu hjónanna Steinunnar Jónsdóttur og Finns Reyrs Stefánssonar, Gani í eigu Tómasar Kristjánssonar, N4A í eigu Þóris Alberts Kristinssonar og NT í eigu téðs Ómars.

Aðrir hluthafar eru félög á vegum Margrétar Ásgeirsdóttur hóteleiganda; fjölskyldu Magnúsar Kristinssonar, fyrrverandi útgerðarmanns; Þorvalds Gissurarsonar verktaka, Óttars Þórarinssonar og Fagfjárfestasjóðsins Myllu undir stjórn Júpíters, sjóðastýringar Kviku. **– hvj**

Gengið lækkaði um 35% í fyrra.

Eaton minnkar við sig í Símanum

Tveir fjárfestingasjóðir í stýringu Eaton Vance, sem hefur verið umsvifamesti erlendi fjárfestirinn í skráðum félögum hér á landi undanfarin ár, minnkaði hlut sinn í Símanum um sem nam tæplega einu prósenti í síðasta mánuði, eða sem jafngildir um 430 milljónum króna miðað við núverandi hlutabréfaverð Símans.

Samkvæmt lista yfir alla hluthafa félagsins í gær, sem Markaðurinn hefur séð, áttu sjóðirnir Global Macro Absolute Return Advantage og Global Macro Portfolio samanlagt rúmlega tveggja prósenta hlut í Símanum. Hefur eignarhlutur Eaton, rétt eins og í mörgum öðrum félögum í Kauphöllinni, minnkað verulega í Símanum að undanförnu en í byrjun apríl áttu sjóðirnir tveir samtals um níu prósenta hlut í fjarskiptafyrirtækinu.

Auk Eaton minnkaði einnig hlutur Frjálsa lífeyrissjóðsins og hlutabréfasjóðs í stýringu Stefnis nokkuð í síðasta mánuði auk þess sem eignarhlutur sem Kvika banki er skráður fyrir dróst saman um nærri eitt prósent og var 1,3 prósent í lok september. Á sama tíma bætti Brú lífeyrissjóður talsvert við sig í Símanum og á núna liðlega þriggja prósenta hlut auk þess sem Íslandsbanki tvöfaldaði hlut sinn og er núna skráður fyrir rúmlega tveggja prósenta hlut í félaginu.

2%

nemur samanlagður hlutur tveggja fjárfestingasjóða bandaríska félagsins Eaton Vance í Símanum.

Fjárfestingafélagið Stoðir, sem byrjaði að fjárfesta í Símanum í apríl á þessu ári, er sem fyrr stærsti hluthafi félagsins með 13 prósenta hlut en aðrir stærstu eigendur eru Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi og LSR. Hlutabréfaverð Símans hefur hækkað um liðlega fjórðung frá áramótum og nemur markaðsvirði félagsins um 44 milljörðum. **– hae**

VOLVO XC JEPPARNIR

HANNAÐIR FYRIR ÞIG

Það er ekki hægt að hanna einn jeppa sem hentar öllum.
Þess vegna hönnuðum við þrjá. XC jepparnir eru hannaðir fyrir
útivistina, íþróttirnar, dagsins önn, tónlistina, ferðalagið,
fjölskylduna og með okkar sýn á lúxus – hver á sinn hátt.
Allir eru þeir hannaðir fyrir þig og þinn lífstíl.

Veldu þinn Volvo XC jeppa

VOLVO XC40 AWD

XC40 AWD D4 dísil verð frá: 6.590.000 kr.

VOLVO XC60 AWD

XC60 AWD B5 verð frá: 8.290.000 kr.
XC60 AWD T8 tengiltvinn verð frá: 8.590.000 kr.

VOLVO XC90 AWD

XC90 AWD B5 verð frá: 9.590.000 kr.
XC90 AWD T8 tengiltvinn verð frá: 10.590.000 kr.

brimborg

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfði 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

volvocars.is

Nauðsynlegt að geta treyst gögnunum

Villur í hagtölum Hagstofunnar hafa verið óvenjutíðar á árinu. Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir hagtölur þurfa að endurspegla þróun hagkerfisins. Fyrirtæki og stofnanir þurfi að geta treyst þeim. Hagstofustjóri segir að ekki hafi verið slakað á í gæðum.

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Villur í hagtölum Hagstofunnar hafa verið óvenjumargar það sem af er ári. Stofnunin þurfti til að mynda að leiðrétta tölur um landsframleiðslu tvisvar með skömmu millibili og nýlega þurfti að leiðrétta tölur um erlenda kortaveltu. Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir að afdrifaríkar ákvarðanir hjá bæði fyrirtækjum og hinu opinbera byggi á hagtölum Hagstofunnar. Tölurnar þurfi því að vera áreiðanlegar og endurspegla þróunina í hagkerfinu með réttum hætti.

Hagstofustjóri segir ekkert benda til þess að villur hjá Hagstofunni séu fleiri en hjá öðrum hagstofum sem íslenska stofnunin ber sig saman við. Á þessu ári hafi villur verið fleiri en notendur eiga að venjast en það megi ekki rekja til þess að slakað hafi verið á í gæðum eða vönduðum vinnubrögðum.

„Þessar leiðréttingar hafa verið óvenjumargar á síðustu mánuðum. Í sjálfu sér hefur maður skilning á því að það sé ákveðin endurskoðun sem á sér stað í eðlilegu árferði, til að mynda á landsframleiðslutölum, en villurnar hafa verið umfram það sem er venjubundið," segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins, í samtali við Markaðinn.

Ingólfur segir að gæði opinberra gagna um þróun efnahagslífsins sé hagsmunamál fyrir iðnaðinn og aðrar greinar hagkerfisins. Mistök í útreikningum hagtalna komi sér illa fyrir Samtök iðnaðarins sem vinna að ýmsum greiningum á hagkerfinu, umhverfi íslensks iðnaðar og stöðu iðnfyrirtækja og heimila. Sama megi segja um aðra aðila sem þurfi að geta treyst opinberum hagtölum. Hjá fyrirtækjum, samtökum og opinberum aðilum séu teknar ákvarðanir á grundvelli þessara gagna.

„Oft á tíðum er um að ræða mjög stórar ákvarðanir. Til dæmis ákvarðanir í hagstjórn landsins. Nú er til umræðu á Alþingi frumvarp til fjárlaga fyrir næsta ár sem byggir á tölum Hagstofunnar. Þar er verið að taka ákvarðanir meðal annars um aðhaldsstig ríkisfjármála og þróun tekna og gjalda á grundvelli talna stofnunarinnar. Annað dæmi er stýrivaxtaákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans sem í þessari viku tekur ákvörðun um hvort eigi að breyta stýrivöxtum bankans og tekur í því mið af tölum um hagvöxt og fleiri þætti sem frá Hagstofunni koma. Þessar ákvarðanir varða hag fyrirtækja og heimila í landinu, og verða því að byggja á góðum grunni," segir Ingólfur.

„Mörg fyrirtæki, bæði á sviði iðnaðar og í öðrum

> **Það hefur verið ansi þétt röð af mistökum hjá stofnuninni á þessu ári. Óraunhæft væri að ætla að það hafi ekki áhrif á traust á þessum gögnum.**
>
> Ingólfur Bender, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins

greinum, styðjast við gögn stofnunarinnar til að meta rekstrarumhverfi sitt. Þar er oft verið að nota gögnin til að taka stórar og afdrifaríkar ákvarðanir um stefnu og starfsemi. Því er mjög mikilvægt að gæði gagnanna séu sem allra best og að þau lýsi þróun og stöðu með réttum hætti," segir Ingólfur og bætir við að notkunin á gögnum Hagstofunnar sé víðtæk og því afar mikilvægt að hægt sé að treysta þeim.

Spurður hvort óvenjutíð mistök hafi grafið undan trausti til stofnunarinnar segist Ingólfur reikna með því.

„Það hefur verið ansi þétt röð af mistökum hjá stofnuninni á þessu ári. Óraunhæft væri að ætla að það hafi ekki áhrif á traust á þessum gögnum."

Takið þið birtingu hagtalna með meiri fyrirvara en áður?

„Já, að vissu leyti. Við förum varlegar í að draga ályktanir af hagtölunum án þess að skoða málið betur," segir Ingólfur. Spurður hvaða skýringar geti legið að baki segist hann ekki hafa svarið á reiðum höndum.

„Kjarni málsins er að það þarf að koma í veg fyrir villur sem þessar í framtíðinni eins og kostur er."

Villurnar ekki fleiri en hjá erlendum hagstofum

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri segir að það sé stofnuninni mikilvægt að upplýsingarnar sem hún birtir séu réttar og trúverðugar. Til þess að ná því markmiði hafi Hagstofan komið á vottuðu öryggiskerfi upplýsinga og innleitt gæðakerfi um framleiðslu hagtalna. Gæðakerfið byggir á meginreglum í evrópskri hagskýrslugerð, þar sem meðal annars er gerð krafa um að villur eða skekkjur sem uppgötvast skuli leiðréttar og notendur upplýstir um það.

Apple Pay var til vandræða

Nýjasta leiðrétting Hagstofunnar var á tölum um veltu greiðslukorta fyrir ágúst og júlí. Stofnunin birti leiðréttingu á tölum um veltu erlendra greiðslukorta í þessum mánuðum. Samkvæmt leiðréttum tölum minnkaði velta erlendra greiðslukorta í ágúst um 2,7 prósent frá fyrra ári. Tölurnar sem Hagstofan birti fyrst sýndu hins vegar 4,7 prósenta aukningu. Þá voru tölur um kortaveltuna í júlí leiðréttar úr 5,1 prósents aukningu í 0,7 prósenta samdrátt.

„Hana má rekja til þess að villur voru í þeim gögnum sem Hagstofan fékk. Hagstofan mat að tímanlegar tölur um veltuna án flugfargjalda væru mikilvægar. Reynslan hefur sýnt að upplýsingar um kortaveltu eru oft óstöðugar og háðar mikilli óvissu þar sem fyrirtæki geta fært sig í viðskipti við erlenda aðila um færsluhirðingu, auk þess sem nýir greiðslumátar hafa komið til sögunnar sem óvíst er hvernig koma fram í gögnunum. Hagstofan mun því ekki birta tölur um kortaveltu, nema sem tilraunatölfræði, þar til meiri stöðugleiki og viðunandi gæði fást," segir Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri, spurður hver ástæðan að baki villunni hafi verið.

Eftir því sem Markaðurinn kemst næst má rekja misræmið að einhverju leyti til þess að greiðslulausnin Apple Pay var tekin í notkun um svipað leyti og hafa þær færslur verið flokkaðar sem erlend kortavelta.

> **Það mætti frekar segja að notendur þurfi að hafa minni áhyggjur af því að Hagstofan hafi þurft að leiðrétta fréttir undanfarið, en ef Hagstofan gerði engar leiðréttingar.**
>
> Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri

„Þegar villur uppgötvast er metið hvert umfangið er og í framhaldinu birt frétt og leiðrétting til að trygga fullt gegnsæi þannig að notendur séu upplýstir. Jafnframt fer af stað ferli þar sem slík tilvik eru skráð og rýnd og fara þau einnig fyrir gæða- og öryggisráð Hagstofunnar, sem hefur meðal annars það hlutverk að tryggja að gripið sé til viðeigandi ráðstafana til að lágmarka hættuna á að slíkar villur endurtaki sig," segir Ólafur.

Hagstofan gefur út fjölda frétta í hverri viku allt árið um kring og því er óhjákvæmilegt að sögn Ólafs að upp komi villur sem bregðast þarf við. Hins vegar bendi ekkert til þess að villur hjá Hagstofunni séu fleiri en hjá öðrum hagstofum sem íslenska stofnunin ber sig saman við.

„Á þessu ári hafa villur verið fleiri en notendur eiga að venjast en það má ekki rekja til þess að slakað hafi verið á í gæðum eða vönduðum vinnubrögðum. Það er tilviljun að fleiri villur hafa komið upp á þessu ári en undanfarin ár og þess vegna verða þær meira áberandi, þar sem Hagstofan birtir tilkynningar opinberlega um þær og beinir þar með athygli notenda að þeim," segir Ólafur.

„Hagstofan mun seint koma í veg fyrir allar villur, þó að markmiðið sé að lágmarka fjölda þeirra og bæta gæði með markvissri gæðastjórnun. Samhliða er unnið að því að birta upplýsingar tímanlegar og fyrr en verið hefur í samræmi við óskir notenda, sem verður að vega á móti þeim tíma sem fer í að yfirfara og rýna gögnin."

Er ástæða fyrir markaðsaðila, fyrirtæki og stofnanir til að hafa áhyggjur af þessum leiðréttingum?

„Það mætti frekar segja að notendur þurfi að hafa minni áhyggjur af því að Hagstofan hafi þurft að leiðrétta fréttir undanfarið, en ef Hagstofan gerði engar leiðréttingar. Ef Hagstofan leiðrétti ekki villur, og léti sem svo að villur væru ekki gerðar, þyrftu notendur vissulega að hafa áhyggjur."

Misalvarlegar villur

Það sem vakti hvað mesta athygli voru tvær leiðréttingar Hagstofunnar á landsframleiðslutölum um mánaðamótin ágúst og september. Fyrst greindi Hagstofan frá því að landsframleiðsla hefði dregist saman um 0,9 prósent en ekki vaxið um 1,7 prósent líkt og áður hafði verið gefið út. Ástæðan var mistök við vinnslu gagna um framvindu byggingarframkvæmda. Samhliða voru birtar tölur um hagvöxt annars ársfjórðungs.

Nokkrum dögum síðar var tilkynnt að leiðrétta þyrfti tölur um hagvöxt á öðrum ársfjórðungi. Hagvöxturinn á þeim fjórðungi hefði verið 2,7 prósent en ekki 1,4 prósent líkt og fyrra mat stofnunarinnar benti til. Ástæðan var að fjárfesting var ekki að dragast saman á fjórðungnum um 2 prósent heldur vaxa um 17 prósent.

Björn Rúnar Guðmundsson er sviðsstjóri efnahagssviðs Hagstofunnar og hefur meðal annars umsjón með útreikningum og birtingu á landsframleiðslutölunum. Hann gerir greinarmun á fyrri leiðréttingunni annars vegar og seinni hins vegar.

Fólk

Heilsa

MIÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 2019

Ágústa Árnadóttir er eigandi Líkama & Boost og hóptímakennari hjá Sporthúsinu. Hún mælir heilshugar með Astaxanthin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Laus við liðverki

Astaxanthin frá Algalíf er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni, framleitt á sjálfbæran hátt við kjöraðstæður með hreinu íslensku vatni sem tryggir að gæðin skila sér að fullu til neytenda. →2

Framhald af forsíðu

Astaxanthin er öflugt andoxunarefni sem er gott fyrir húðina og virkar vel á mörg kerfi líkamans. Náttúrulegasta og hreinasta uppspretta Astaxanthins finnst í smáþörungum sem kallast Haematococcus pluvialis en þeir framleiða það sem varnarefni gegn erfiðum aðstæðum í umhverfinu. Astaxanthin er einnig að finna í dýrum og plöntum sem hafa einkennandi rauðan (bleikan) lit, eins og t.d. í laxi og ljósátu (krill). Astaxanthin getur veitt vörn gegn útfjólubláum geislum sólar og það getur einnig stuðlað að heilbrigði augna, heila, hjarta, liða og vöðva.

Hreint íslenskt Astaxanthin

Algalíf er íslenskt fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á þessum örþörungum og vinnur úr þeim hágæða Astaxanthin. Ræktun og framleiðsla fer fram í einangruðum ræktunarkerfum þar sem allir mengunarvaldar eru útilokaðir og eingöngu hreint íslenskt vatn er notað við framleiðsluna. Endurnýtanleg orka er notuð við framleiðsluna og flokkast hún því sem sjálfbær iðnaður.

Finn ótrúlegan mun á mér

Ágústa G. Árnadóttir, eigandi Líkama & Boost og hóptímakennari hjá Sporthúsinu, ákvað að prófa Astaxanthin og fann fljótt mun á sér:

„Ég finn ótrúlegan mun á mér eftir að ég byrjaði að taka Astaxanthin. Nú get ég farið í sólbað án þess að brenna, en það sem stendur upp úr hjá mér er að ég finn ekki lengur til í liðum þegar ég fer fram úr á morgnana. Ég mæli hiklaust með að fólk prófi. Gerði kraftaverk fyrir mig.“

Minni bruni, meiri brúnka?

Algengt er að fólk finni fyrir því sama og Ágústa lýsir hvað varðar húðina því Astaxanthin getur dregið úr þeim skaða sem útfjólublair geislar sólarinnar geta valdið húðinni (sólbruni).

Ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina blokkar Astaxanthin ekki þá geisla sem breytast í D-vítamín í húðinni, það ver hana einfaldlega gegn skemmdum og því gott fyrir alla en það hefur reynst þeim sem hafa mjög ljósa húð sérstaklega vel. Margir taka líka meiri lit en áður og/eða halda honum betur – sem flestum þykir góður bónus.

Astaxanthin getur dregið úr myndun mjólkursýru í vöðvum og þreytu, bætt þol og styrk og stuðlað að skjótu jafnvægi í líkamanum eftir æfingar. Mjög gott fyrir íþróttafólk.

Ágústa segist finna mikinn mun á sér eftir að hún fór að taka inn Astaxanthin. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aukinn árangur í íþróttum

Astaxanthin berst gegn ferli oxunar og sindurefna sem herja á frumur líkamans með tímanum og hjálpar það því meðal annars við að lækna skemmda frumuvefi. Astaxanthin getur dregið úr myndun mjólkursýru í vöðvum og þreytu, bætt þol og styrk og stuðlað að skjótu jafnvægi í líkamanum eftir æfingar. Það er því mjög gott fyrir íþróttafólk sem vill ná sem bestum árangri. Mikið af Astaxanthin er til dæmis í vöðvum laxa og vilja sumir meina að það gefi laxinum þá orku sem hann þarf til að synda gegn straumnum. Húð, vöðvar, liðbönd, sinar, augu, innri líffæri, hjarta- og æðakerfi ásamt taugakerfi eru öll móttækileg fyrir Astaxanthin sem gerir það einstaklega virkt meðal andoxunarefna.

> Núna get ég farið í sólbað án þess að brenna, en það sem stendur upp úr hjá mér er að ég finn ekki lengur til í liðum þegar ég fer fram úr á morgnana. Gerði kraftaverk fyrir mig.
>
> **Ágústa G. Árnadóttir**

Dagleg inntaka

Það tekur Astaxanthin 12-19 klukkustundir að hámarkast í blóðinu og eftir það brotnar það niður á 3-6 klukkustundum. Þess vegna þarf að taka það inn daglega. Til þess að verja húðina gegn sólargeislum, áður en haldið er í gott sólarfrí, er gott að hefja inntöku nokkrum vikum áður. Astaxanthin getur einnig verið gott fyrir augun/sjónhimnuna og dregið úr þreytu og álagi á augun og stuðlað að skýrari sjón. Það dregur einnig úr bólgum almennt og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum eða annars staðar.

Astaxanthin frá Algalíf er 100% náttúrulegt hágæða bætiefni, framleitt á sjálfbæran hátt við kjöraðstæður með hreinu íslensku vatni sem tryggir að gæðin skila sér að fullu til neytenda.

Fæst í apótekum, heilsuhúsum og heilsuhillum valdra verslana.

Stöndum saman og styðjum **Bleiku slaufuna!**

Um GeoSilica RENEW

- RENEW inniheldur 100% náttúrulegan jarðhitakísil.
- Viðbætt sink og kopar í hreinu íslensku vatni.
- Stuðlar að viðhaldi á hári, húð og nöglum.
- Sérstaklega hannað til þess að knýja fram unglegan jóma og náttúrulega fegurð.

Um Femarelle

- Slær hratt á einkenni hormónabreytinga (hitakóf, skapsveiflur og nætursviti minnka).
- Stuðlar að reglulegum svefni.
- Eykur orku og kynhvöt.
- Hefur engin áhrif á vef í brjóstum eða legi.

Í október renna **300 krónur** af andvirði sölunnar á **Femarelle og GeoSilica RENEW** til **Krabbameinsfélags Íslands**

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

Það er aldrei neitt bannað

Heildræn nálgun er það sem þarf til að byggja upp og viðhalda góðri heilsu. Svefninn er mikilvægastur en mataræði og góð melting leika líka lykilhlutverk til að koma á jafnvægi.

Hvað varðar bætiefni þá tekur Anna daglega inn D-vítamín, magnesíum, ómega-3, B12 og svo Digest Gold meltingarensímin sem hún er afar hrifin af.

Anna Steinsen er einn af fjórum eigendum fyrirtækisins KVAN þar sem fjöldi fólks hefur sótt námskeið til þess að þroska sig í samskiptum og samvinnu við annað fólk. Áður vann Anna lengi vel sem þjálfari og fyrirlesari hjá Dale Carnegie en vinnur nú í fullu starfi við fyrirtæki sitt og sinnir því ábyrgðarmikla hlutverki að vera fjögurra barna móðir og sjá um velferð þeirra með eiginmanni sínum.

Svefn og félagsleg samskipti

Sýn Önnu á lífið og tilveruna er afar skýr og telur hún góðan svefn vera grunninn að góðri heilsu, bæði líkamlegri og andlegri. „Félagsleg samskipti við fólk koma strax í kjölfarið en rannsóknir hafa sýnt fram á að mikilvægi félagslegra samskipta vegur þungt þegar kemur að heilsu manna og langlífi. Mataræði og hreyfing skipta líka gríðarlega miklu máli en ekkert af þessu verður í lagi ef svefninn er ekki í lagi. Ef þú ferð seint að sofa og borðar drasl, hefur það gífurleg áhrif á heilsuna. Bara með því að laga svefninn og fara fyrr að sofa ertu búin að bæta andlega heilsu töluvert sem auðveldar svo að fara í aðrar lífsstílsbreytingar. Það hjálpar lítið að ætla að borða bara hollt ef það vantar svefn.“

Stólajóga

Anna tekur sér ýmislegt fyrir hendur og hún hefur m.a. lært kundalini jóga hjá Auði Bjarnadóttur. „Í dag er ég með jóga fyrir eldri borgara en það er stólajóga þar sem elstu þátttakendur eru yfir 90 ára gamlir. Það er dansað í stólunum, tekin öndun og farið með möntrur en þetta er ótrúlega gefandi og skemmtilegt því þessi hópur er bæði þakklátur og ótrúlega skemmtilegur.“

Digest Gold Enzymedica er fyrir fólk með fjölþætt meltingarvandamál.

> **Mér finnst ég finna mikinn mun þegar ég tek ensímin því það er eins og það sé alltaf eitthvað sem meltingin þolir ekki alveg.**
>
> **Anna Steinsen**

Máttur matarins

Anna hefur alltaf verið heilsuhraust. Fyrir u.þ.b. 10 árum kynntist hún konu sem hafði tekið mataræðið afar föstum tökum vegna ristilsjúkdóms og náð að laga ýmislegt en dóttir Önnu þjáist af sama sjúkdómi. „Það varð til þess að ég hellti mér út í þau fræði, fór að kynna mér þau og læra um mátt matarins. Ég prófaði mig áfram sjálf, tók út óhollustu, unna matvöru, sykur, glúten og mjólkurvörur og þegar ég var búin að hreinsa mig prófaði ég að taka inn aftur þessar vörur og fann muninn. Þessi þekking og reynsla nýtist mér enn í dag og nú veit ég hvað ég þarf að forðast til að mér líði sem best. En það er aldrei neitt bannað því um leið og eitthvað má ekki, þá get ég ekki hætt að hugsa um það og ég held að það eigi við um ansi marga.“ Hvað varðar bætiefni þá tekur Anna daglega inn D-vítamín, magnesíum, ómega-3, B12 og svo Digest Gold meltingarensímin sem hún er afar hrifin af. „Mér finnst ég finna mikinn mun þegar ég tek ensímin því það er eins og það sé alltaf eitthvað sem meltingin þolir ekki alveg, ég verð útþanin og fæ óþægindi sem ég losna algerlega við þegar ég tek þau inn með matnum.“

Finna tilgang okkar og hafa gaman

Anna hefur ákveðið lífsmottó sem hún fylgir og má yfirfæra það í nokkur heilræði sem flestir ef ekki allir geta nýtt sér.

- Fá nægan svefn og vera í félagslegum samskiptum við fólk.
- Anda djúpt og fá ferskt loft.
- Passa mataræðið og fá hreyfingu.
- Finna tilgang okkar og hafa gaman af lífinu.
- Vera fylgin okkur sjálfum – þetta er okkar vegferð.
- Melta betur og hraðar.

Meltingarensím í bætiefnaformi geta dregið úr ýmiss konar óþægindum sem fylgja neyslu á ákveðnum matvælum og dregið úr einkennum fæðuóþols. Þau geta haft afar jákvæð áhrif á líkamsstarfsemina, aukið næringarupptöku og hjálpað þörmunum að ná eðlilegri virkni þannig að þeir virki betur en nokkru sinni fyrr. Meltingarensímin frá Enzymedica eru 100% náttúruleg og án allra aukaefna. Þau vinna á mismunandi pH-gildum og ná þannig að melta hvert orkuefni mun betur og hraðar. Digest Gold er sérstaklega gott fyrir fólk sem glímir við fjölþætt meltingarvandamál og einnig þá sem þurfa stuðning við starfsemi gallblöðru. Digest Gold er jafnframt söluhæsta meltingarvaran í Bandaríkjunum.

Sölustaðir: Apótek, heilsuhús og heilsuhillur verslana.

BetterYou
Vegan Health

Sérstaklega samsett bætiefnablanda fyrir þá sem eiga erfitt með að taka upp B12 og járn úr fæðunni og þá sem neyta ekki dýraafurða.

Hámarksupptaka tryggð þegar úðað er út í kinn.
Hröð og mikil upptaka.
Betra og öruggara en töflur eða hylki.
Pakkningar gerðar úr endurunnu plasti úr sjónum
48 skammtar

- Vegan D3
- B12
- Járn & Joð

Valið BESTA NÝJA BÆTIEFNIÐ á Natural & Organics í London 2019

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Nýr Nissan Leaf S 40Kw. Raundrægni um 270 km. Til afhendingar strax. 100% lán mögulegt. Verð: 3.990.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Jeppar

Til sölu Land Cruiser 120 VX. Árgerð 2003, ekinn 293þ, leðursæti fyrir 8 manns, nýlegar álfelgur og dekk + auka vetrardekk á felgum. Virkilega gott eintak. Verð kr. 1.490.000.- uppl. í sima 891-9850

Þjónusta

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Garðyrkja

SKRÚÐGARÐYRKJA OG RÁÐGJÖF.
Tek að mér haustklippingar, þrif á lóðum og alla almenna garðyrkju og tek einnig að mér ráðgjöf varðandi stærri breytingar.
Hjörleifur Björnsson
skrúðgarðyrkjufræðingur
s:662-6625

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Önnur þjónusta

Til leigu ræktað tún og beiti land með aðgengi að síki fyrir hross í Suðurnesjabæ. Landið er ca. 5 hektara.Tilboð óskast og frekari upplýsingar eru í síma 8928665.

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Til leigu lítil stúdíóíbúð í 200 kóp. sér inng.lítið eldhús,rafmagn, hiti og internet innifalið í leiguverði. Verð 135 þús á mánuði. Uppl. s:699-5552

Til leigu 2ja herb. íbúð, langtímaleiga. Vesturbær Kóp. Tilboð og uppl. í síma: 692-6910

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Sveitarfélagið Vogar

AUGLÝSING

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir frístundabyggðina Hvassahrauni.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samhliða er auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Hvassahrauni, skv. 1. mgr. 43. gr. sömu laga.

Breyting á aðalskipulagi felst í eftirfarandi:
Breyting á aðalskipulagi varðar skilmála fyrir Frístundasvæði við Hvassahraun (F-1) í kafla 2.3.3 um frístundabyggð í greinargerð aðalskipulagsins. Breytingin felur í sér að heimilt verður að hafa gististarfsemi í flokki II sem fellur undir atvinnustarfsemi í frístundabyggðinni. Gististarfsemi þessi er þó takmörkunum háð, sem nánar er lýst í greinargerð á uppdrætti.

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:
Í breytingunni felst m.a. að lóðum er fjölgað um eina, gerðar breytingar á byggingarreitum tveggja lóða, hámarksstærð og hámarkshæð húsa aukin og skilgreind heimild til gististarfsemi.

Tillögurnar eru settar fram á uppdráttum og greinargerð og vísast til þeirra um nánari upplýsingar.

Tillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar **frá og með miðvikudeginum 2. október 2019 til og með miðvikudagsins 13. nóvember 2019** og hjá Skipulagsstofnun að Borgartúni 7b, Reykjavík. Tillögurnar eru einnig aðgengilegar á vef Sveitarfélagsins Voga,
www.vogar.is/is/thjonusta/skipulag/skipulag-i-kynningu
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila skal skriflegum athugasemdum til skrifstofu Sveitarfélagsins Voga, Iðndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is eigi síðar en miðvikudaginn 13. nóvember 2019.

Vogum, 2. október 2019
F.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri



Excel er of mikið notað í þessum stóru kerfum sem er afleiðing af því að menn hafa ekki fjárfest nægilega mikið í þessari vinnslu í gegnum árin.

Björn Rúnar Guðmundsson, sviðsstjóri efnahagssviðs Hagstofunnar

„Við vinnslu á tölum um fjárfestingu fyrir annan ársfjórðung kom í ljós að gögnin sem við höfðum fengið fyrir fyrsta ársfjórðung reyndust innihalda tölur sem náðu inn á annan ársfjórðung. Við höfum gagnalindir sem gefa okkur upplýsingar og þó að við berum ábyrgð á upplýsingunum höfum við ekki fulla stjórn á þeim. Við tókum þá ákvörðun að laga gögnin fyrir fyrsta ársfjórðung með því að hliðra hluta af tölunum um fjárfestingu yfir á annan ársfjórðung," segir Björn Rúnar. Þannig varð engin breyting á heildarfjárfestingu tímabilanna heldur hliðrun milli tímabila.

Fljótlega eftir leiðréttinguna tóku sérfræðingar Hagstofunnar eftir því að reiknivilla hafði verið gerð í fjárfestingu fyrir annan fjórðung er varðaði skip og flugvélar. Var sú villa síðan leiðrétt.

„Það var seinni villan sem var í mínum huga kannski alvarlegri en sú fyrsta. Hún var í rauninni Excelvillan en ekki sú fyrri. Ég myndi segja að þetta sé því miður hluti af því að vinna hratt í flóknum kerfum. Þá koma stundum upp villur og við reynum að leiðrétta þær jafnóðum. Þjóðhagsreikningar eru flóknir og vinnslukerfið er orðið úrelt. Við viljum mjög gjarnan bæta það. Excel er of mikið notað í þessum stóru kerfum sem er afleiðing af því að menn hafa ekki fjárfest nægilega mikið í þessari vinnslu í gegnum árin. Og kannski ekki fylgt tækniþróuninni eins og mörg fyrirtæki og stofnanir eru sek um," segir Björn Rúnar.

Yrði aukin fjárfesting í tækni til bóta?

„Já, ég myndi segja það án þess þó að kenna tækninni um villurnar. Auðvitað viljum við gera eins vel og hægt er, og forðast svona villur. En ef þær koma upp þá viljum við leiðrétta þær eins fljótt og auðið er. Við teljum það vera hluta af því að byggja upp trúverðugleika gagnvart okkar notendum."

Hafa þessar villur verið teknar sérstaklega fyrir?

„Allt svona er tekið fyrir hjá okkur. Við erum með strangt ferli hér innanhúss fyrir allar villur sem eru gerðar. Þær eru alltaf skráðar, alltaf greindar og alltaf teknar fyrir í sérstöku vinnsluferli til að hægt sé að læra af þeim og koma í veg fyrir að þær endurtaki sig. Við erum með strangt innra eftirlitskerfi vegna þess að við erum með staðlað gæðakerfi sem við vinnum eftir. Okkur ber að tilkynna svona villur og við tökum það mjög alvarlega þegar þær koma upp."

Þá segir Björn að almennt felist margs konar áskoranir í framleiðslu á hagtölum.

„Ein af þeim er til dæmis gæði þeirra upplýsinga sem við fáum. Önnur er breytileiki talnanna sem getur verið af eðlilegum orsökum. Það er nefnilega ekki bara hægt að loka bókhaldinu. Við erum að vinna með tölfræði sem er háð óvissu og okkar hlutverk er að halda óvissunni eins lítilli og mögulegt er. Síðan getur tæknin skipt máli og mannlegi þátturinn eins og í öllu öðru."

Mistök við vinnslu gagna um framvindu byggingaframkvæmda voru ástæða fyrir fyrri leiðréttingunni á landsframleiðslutölunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leiðréttingar á hagtölum síðustu mánuði

20. september	3. september	30. ágúst	22. ágúst	31. maí	1. mars
Hagstofan birti leiðréttingu á tölum um veltu greiðslukorta fyrir ágúst og júlí. Samkvæmt leiðréttum tölum minnkaði velta erlendra greiðslukorta í ágúst um 2,7 prósent frá fyrra ári. Tölurnar sem Hagstofan birti fyrst sýndu hins vegar 4,7 prósenta aukningu. Þá voru tölur um kortaveltuna í júlí leiðréttar úr 5,1 prósents aukningu í 0,7 prósenta samdrátt. Áður birtar tölur byggðu á villu í gögnum frá greiðslukortafyrirtækjum en sú villa hefur nú verið leiðrétt.	Hagstofan birti leiðréttingu á landsframleiðslutölum fyrir annan ársfjórðung þar sem stofnunin sagði að hagvöxturinn á þeim fjórðungi hefði verið 2,7 prósent en ekki 1,4 prósent líkt og fyrra mat stofnunarinnar benti til. Ástæðan var að fjárfesting dróst ekki saman um 2 prósent á fjórðungnum heldur óx hún um 17 prósent.	Stofnunin sendi frá sér tilkynningu þar sem fram kom að landsframleiðsla á fyrsta fjórðungi ársins hefði verið leiðrétt en þá hefði mælst 0,9 prósenta samdráttur en ekki 1,7 prósenta hagvöxtur líkt og stofnunin sagði í sínu fyrra mati. Samhliða þessu birti stofnunin nýtt mat á hagvexti ársins 2018.	Stofnunin sendi frá sér tölur um fjölda starfandi. Tölurnar hljóðuðu upp á 4,4 prósenta fækkun starfandi í hagkerfinu í júní frá sama mánuði árinu áður. Daginn eftir birtingu leiðréttti stofnunin tölurnar þar sem í ljós kom að inn í fyrri tölur vantaði sjálfstætt starfandi fólk að stórum hluta. Samkvæmt nýjum tölum var fækkunin í fjölda starfandi 1,7 prósent.	Hagstofan tilkynnti að hún hefði verið að leiðrétta hagvaxtartölur fyrir árin 1995-1997 en þar munar mestu um árið 1997 þar sem hagvöxtur var samkvæmt nýju mati 5,8 prósent en ekki 3,9 prósent líkt og fyrra mat stofnunarinnar var.	Hagstofan sendi frá sér fréttatilkynningu þar sem sagt var frá því að hagvöxtur áranna 2015, 2016 og 2017 hefði verið endurmetinn og að nú væri hagvöxturinn árið 2015 4,7 prósent en ekki 4,5 prósent, 2016 væri hann 6,6 prósent en ekki 7,4 prósent og 2017 væri hann 4,6 prósent en ekki 4,0 prósent.

Erfitt að ná utan um fjárfestingarhliðina

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að leiðréttingarnar veki vissulega athygli, sér í lagi í ljósi mikilvægis hagtalna fyrir undirliggjandi ákvarðanir sem varða stýrivexti og stefnu í ríkisfjármálum. Þær hafi auk þess verið óvenju tíðar að undanförnu.

„Það sem var bagalegt í þessu tilviki er að þarna voru endurskoðaðar tölur um hagvöxt og rótin þar var á fjárfestingahliðinni. Það hefur reynst erfiðast að ná utan um þann lið í þessum bráðabirgðatölum. Þannig að maður gerir ráð fyrir því að hagtölur séu leiðréttar en

Maður gerir ráð fyrir því að hagtölur séu leiðréttar en það breytir því ekki að þetta vekur mikla athygli, sér í lagi vegna mikilvægis þess fyrir hagkerfið í heild sinni.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins

það breytir því ekki að þetta vekur mikla athygli, sér í lagi vegna mikilvægis þess fyrir hagkerfið í heild sinni," segir Halldór Benjamín.

„Hagstofan og aðrir hagaðilar eru með það markmið að tölurnar endurspegli undirliggjandi stöðu þjóðarbúsins sem allra best á hverjum tíma. Á sama tíma verður maður að hafa í huga að það er erfitt að ná utan um þetta fullkomlega og mannleg mistök geta sannarlega átt sér stað. Réttur samanburður væri að skoða hvernig þessu er háttað annars staðar og við sjáum ekki betur en að verklag Hagstofunnar sé með svipuðum hætti og í samanburðarlöndum þó að þessar villur hafi verið óvenjutíðar upp á síðkastið."

Arion horfir til bandarískra banka

Í nýju skipuriti er leitast við að efla hlutverk bankans sem milliliðar í ljósi íþyngjandi regluverks. Kosturinn við það fyrirkomulag er að fleiri taka þátt í að meta og verðleggja útlánaáhættu. Starfsemi fjárfestingarbankasviðs var endurraðað við skipulagsbreytingarnar.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Nýtt skipurit Arion banka var kynnt í síðustu viku. Í því eru breytingar sem gerðar voru með þrennt í huga: efla hlutverk bankans sem milliliðar á milli þeirra sem þurfa fjármagn og fjármagnseiganda, treysta viðskiptasamband við fyrirtæki með því að veita þeim sérsniðna þjónustu ásamt því að auka hagkvæmni í rekstri og einfalda skipulag. Þetta segir Benedikt Gíslason bankastjóri í samtali við Markaðinn.

„Í alþjóðlegum samanburði eru skattar á banka háir og eiginfjárkröfur miklar hér á landi. Það hefur gert það að verkum að lítil arðsemi er af útlánum. Segja má að í því felist sú sýn stjórnvalda og eftirlitsaðila að bankar eigi ekki að taka við skammtíma innlánum og lána þau til lengri tíma. Þess vegna getur það verið arðbærara fyrir Arion banka og hagkvæmara fyrir viðskiptavini að bankinn horfi í ríkari mæli til þess að vera milliliður og leitist við að efla til langs tíma samband bankans við viðskiptavini og veita þeim viðbótarþjónustu.

Kosturinn við það fyrirkomulag fyrir fjármálakerfið í heild er að það leiðir til þess að fleiri munu taka þátt í að meta og verðleggja útlánaáhættu. Útlánin ættu því að verða betri," segir hann.

Að hans sögn var ánægjulegt að sjá hve mikil eftirspurn var eftir 5,5 milljarða króna skuldabréfaútgáfu Haga sem lauk á mánudag. „Það er staðfesting á okkar nálgun og að það sé nú jarðvegur fyrir lífeyrissjóði til að lána stærstu fyrirtækjum landsins. Lífeyrissjóðakerfið okkar er feikilega stórt, er um 150 prósent af landsframleiðslu og fer stækkandi. Það er eðlilegt skref að það láni fyrirtækjum í vaxandi mæli."

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, segir að með því að reka markaði sem sér svið sé verið að skerpa á áherslum og koma á meiri aðgreiningu á milli þjónustu og viðskipta á verðbréfamarkaði og verkefna sem eru í eðli sínu fjármögnun eða þjónusta við fyrirtæki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Horft til bandarískra banka

Við hönnun á nýju skipuriti var meðal annars horft til skipulags bandarískra banka. Benedikt segir að bankar í Bandaríkjunum starfi sem milliliðir í mun ríkari mæli en bankar í Evrópu.

Tvö tekjusvið tóku breytingum. Annars vegar fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið sem stýrt er af Ásgeiri H. Reykfjörð Gylfasyni aðstoðarbankastjóra. Hins vegar markaðir sem stýrt er af Margréti Sveinsdóttur. Þriðja tekjusviðið er viðskiptabankastarfsemi sem leitt er af Iðu Brá Benediktsdóttur. Önnur svið eru: fjármálasvið, upplýsingatæknisvið og áhættustýring.

„Starfsemi fjárfestingarbankasviðs var endurraðað við skipulagsbreytingarnar," segir Benedikt. Fyrirtækjaráðgjöf sem veiti

> **Segja má að í því felist sú sýn stjórnvalda og eftirlitsaðila að bankar eigi ekki að taka við skammtíma innlánum og lána þau til lengri tíma.**
>
> Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka

þjónustu varðandi óskráða fjármálagjörninga heyri nú undir fyrirtækja- og fjárfestingarbankasvið, markaðsviðskipti, það er miðlun, tilheyri mörkuðum ásamt eignastýringu. Greiningardeildinni sem einnig var hluti af fjárfestingarbankasviði hafi verið lokað í aðdraganda innleiðingar á nýlegri Evróputilskipun, MiFID II.

Samkvæmt tilskipuninni verða bankar að rukka viðskiptavini sérstaklega fyrir greiningar, það má ekki lengur láta þær ekki fylgja með í kaupunum þegar þóknun er greidd í verðbréfaviðskiptum. Starfsmenn deildarinnar færast á önnur svið bankans.

Jón Finnbogason, sem hefur gegnt starfi forstöðumanns lánaumsýslu Arion banka frá árinu 2017, leiðir fjármögnunarsvið fyrirtækja hjá bankanum innan fyrirtækja- og fjárfestingarsviðs og Lýður Þór Þorgeirsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri fjárfestingarbankasviðs, tók við starfi forstöðumanns fyrirtækjaráðgjafar.

„Með því að hafa sér svið sem ber nafnið markaðir erum við að skerpa á áherslum og gera meiri aðgreiningu á milli þjónustu og viðskipta á verðbréfamarkaði og verkefna sem eru í eðli sínu fjármögnun eða þjónusta við fyrirtæki. Það gerir það líka að verkum að betur sé hægt að stýra áhættunni sem getur falist í hagsmunaárekstrum," segir Benedikt.

Þekktist hér áður

Hann rifjar upp að þegar EES-samningurinn var leiddur í lög árið 1994 ráku bankarnir dótturfélög sem önnuðust það sem laut að verðbréfamarkaði, Landsbankinn rak til dæmis Landsbréf og Íslandsbanki VÍB, en síðar hafi starfsemin verið færð inn í bankana. „Fyrirkomulagið þekktist því hérlendis líka í einhverri mynd."

Benedikt segir að bankinn muni nota efnahagsreikninginn með sértækari hætti en áður. Horft verði til þess að sölutryggja fjármögnun fyrirtækja en að fjármögnunin stoppi ekki öll varanlega á efnahagsreikningi bankans heldur seljist áfram eftir því sem markaðsaðstæður leyfa hverju sinni.

Til viðskiptabankans færðist þjónusta við lítil og meðalstór fyrirtæki og að hluta eignastýring fyrir einstaklinga. „Viðskiptabankinn er framarlega í hugbúnaðarþróun og stafrænni vegferð. Næstu skref í þeirri vinnu munu snúa að minni og meðalstórum fyrirtækjum og eignastýringu. Við töldum því rétt að nýta þá þekkingu sem byggst hefur upp á því sviði til hagsbóta fyrir fleiri," segir hann.

Ný staða aðstoðarbankastjóra

Aðspurður hvers vegna bankinn hafi nýverið bætt við stöðu aðstoðarbankastjóra segir Benedikt að það endurspegli þær áherslur sem séu að verða á starfsemi fyrirtækja- og fjárfestingarbankasviðs. „Þetta er stór og viðamikil umbreyting á okkar nálgun og krefst mikillar athygli. Hann kemur einnig til með að einbeita sér að stefnumótun, stjórnun, öflun nýrra viðskiptasambanda og almennum rekstri."

Á sama tíma og breytt skipurit var kynnt var um hundrað starfsmönnum bankans sagt upp. Skipulagsbreytingarnar eru liður í að ná settum markmiðum um 50 prósenta kostnaðarhlutfall og arðsemi eiginfjár umfram 10 prósent.

Þynning byggðar og auknar umferðartafir

Elvar Orri Hreinsson
sérfræðingur í Greiningu hjá Íslandsbanka

Byggð hefur þynnst verulega undanfarna þrjá áratugi og fer nú meira landrými undir hvern íbúa höfuðborgarsvæðisins en nokkru sinni fyrr.

Frá árinu 1994 hefur hlutfall íbúða í Reykjavík af heildarfjölda íbúða á höfuðborgarsvæðinu lækkað um 10 prósentustig og stendur nú í um 60%. Er þetta afleiðing mikillar uppbyggingar í nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur þar sem íbúðafjöldi hefur tvöfaldast frá árinu 1994. Þetta hefur leitt til þess að aldrei fyrr hafa fleiri íbúar á höfuðborgarsvæðinu búið utan Reykjavíkur.

Íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga eftir sem áður erindi við miðbæinn og nærliggjandi svæði enda er þar mestur þéttleiki vinnustaða, skóla, íþróttamannvirkja og verslunar- og skrifstofuhúsnæðis auk annarra innviða. Þessi þróun hefur því

> **Frá árinu 1994 hefur hlutfall íbúða í Reykjavík af heildarfjölda íbúða á höfuðborgarsvæðinu lækkað um 10 prósentustig og stendur nú í um 60%.**

haft í för með sér það aukna álag á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins sem mikið er rætt um þessi dægrin. Samtök iðnaðarins (SI) telja þjóðhagslegan kostnað vegna umferðartafa nema 15 milljörðum króna á ársgrundvelli vegna tapaðs vinnu- og frítíma einstaklinga og atvinnurekenda.

Mun þétting byggðar ná fram að ganga? Tölfræðin bendir til þess að svo verði ekki.

Reykjavík er stærsta sveitarfélag landsins og gegnir því mikilvægu hlutverki varðandi heilbrigði íbúðamarkaðarins. Ef litið er aftur um áratug hafa um 304 íbúðir komið inn á markaðinn að meðaltali á ári hverju í Reykjavík. Meðalfjölgun íbúða fyrir þann tíma og aftur til 1972 er um 660 íbúðir árlega, eða rúmlega tvöfalt fleiri íbúðir. Sé miðað við fjölda fullkláraðra íbúða í Reykjavík á undanförnum árum og spár SI má reikna með að nágrannasveitarfélög Reykjavíkur muni áfram vaxa hlutfallslega hraðar en Reykjavík. Til að snúa þeirri þróun við þyrftu í Reykjavík að vera minnst 60% af þeim íbúðum sem koma á markaðinn á næstu árum. Miðað við spá SI nemur það rúmum 1.300 íbúðum eða hátt í þreföldum þeim fjölda sem kom inn á markaðinn á síðastliðnu ári svo að dæmi sé tekið. Verður að teljast afar ólíklegt að sú verði raunin.

Stafrænni vegferð fylgir ný menning

Svipmynd

Erik Figueras Torras

Nám:
MSc í rafmagnsverkfræði frá UBP í Barcelona, MBA frá IMD í Lausanne, Sviss.

Störf:
Framkvæmdastjóri Þjónustusviðs hjá Símanum. Áður en ég kom til Íslands vann ég sem vörustjóri farsímakerfa hjá Siemens í Þýskalandi og Bandaríkjunum og hjá Philips í Frakklandi. Ég var hjá Símanum árin 1999 til 2004 en sneri aftur og þá sem framkvæmdastjóri árið 2013.

Fjölskylduhagir:
Giftur Björk Þórarinsdóttur viðskiptafræðingi og eigum við tvær dætur og bráðum hundinn Rio.

Erik Figueras Torras hefur verið framkvæmdastjóri hjá Símanum frá árinu 2013. Þar stýrir hann Þjónustusviði sem bæði rekur fjarskiptakerfi Símans og ber ábyrgð á að þjónusta viðskiptavini Símans. Erik segist vera hraðahindrun innan Símans, sem reyni að forgangsraða fjárfestingum og verkefnum þannig að þau svari sem best því sem viðskiptavinir kalli eftir.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Íþróttir hafa alltaf leikið stórt hlutverk í mínu lífi en í dag eru það hlaup sem ég stunda mest. Þegar ég var yngri spilaði ég tennis og stundaði skíði af miklum móð. Ég prófaði Bootcamp einu sinni en er augljóslega ekki skapaður fyrir slík átök. Konan mín hefur svo verið að draga mig út á golfvöll, sem er kannski meira ganga en íþrótt, en sjáum hvernig það endar.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Síðustu vikur hefur viljinn til að lifa hreinlega vakið mig flesta morgna þar sem ég byrja daginn í farþegasætinu á bílnum okkar. Dóttir mín er nefnilega í æfingaakstri og situr því í bílstjórasætinu. Þegar í vinnuna er komið vil ég helst byrja á því að ganga á milli fólks og taka púlsinn, heyra hvernig miðar og hvað það hefur til málanna að leggja, áður en rútínan og daglegt amstur tekur völdin.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Mamma mín, sem lærði heimspeki, skrifaði fyrir mig bók sem ég fékk að gjöf þegar ég varð fertugur. Hún heitir „El sentido de la vida“ (ísl. Tilgangur lífsins) og þessi einstaka 115 blaðsíðna og eina útgáfa sem til er af bókinni fjallar um allt það sem raunverulega skiptir máli í lífinu. Besta gjöf sem ég hef fengið.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin hjá þér á síðustu mánuðum?

Við hjá Símanum höfum verið í stórum umbreytingarverkefnum sem flest snúa að því að breyta ferlum og vörum þannig að þarfir viðskiptavinarins séu í forgrunni. Þessi stafræna vegferð sem svo mörg fyrirtæki eru að ganga í gegnum kallar líka á breytingar í menningu fyrirtækisins og í dag erum við öll að ganga betur í takt en áður. Við erum ekki að fara í fjárfestingar eða ný verkefni endilega tækninnar vegna heldur frekar vegna óska og þarfa viðskiptavinanna. Til að undirstrika mikilvægi góðrar þjónustu við viðskiptavini okkar var til dæmis nafni Tæknisviðs breytt í Þjónustusvið, hljómar smávægilegt en skiptir engu að síður máli.

Hvernig hefur rekstrarumhverfi Símans breyst á undanförnum árum og hvaða áskoranir hafa falist í þessum breytingum?

Erik segir að íþróttir hafi alltaf leikið stórt hlutverk í lífi sínu en í dag stundi hann mest hlaup. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Það er kannski eitt af mínum hlutverkum að segja nei og forgangsraða, við getum ekki gert allt í einu.**
>
> Erik Figueras Torras

Í stafrænum heimi gerast breytingar æ hraðar og við höfum, þökk sé góðu starfsfólki, náð að tileinka okkar framsæknar lausnir hverju sinni. Fjarskiptaþjónustan í dag er gjörbreytt frá því sem var fyrir nokkrum árum, bæði gagnvart viðskiptavinum og séð okkar megin frá. Samkeppnin er ekki bara innanlands heldur erum við í beinni samkeppni við erlend stórfyrirtæki. Sjálfvirknivæðing, skýjalausnir og nýting gervigreindar er eitt af því sem við höfum tileinkað okkur sem getur skilað hagkvæmari rekstri, betri upplifun og þjónustu.

Hvaða tækifæri eru fram undan á þínu sviði?

Tækifærin í tækni og þjónustufyrirtækjum eru nær endalaus. Það er alltaf eitthvað nýtt og spennandi á leiðinni sem samstarfsfélagar mínir vilja stökkva á. En það er kannski eitt af mínum hlutverkum að segja nei og forgangsraða, við getum ekki gert allt í einu. Það þarf að meta hvað skiptir mestu máli og að það sem viðskiptavinurinn vill fái óskipta athygli okkar. En mér finnst sjálfvirknivæðingin spennandi því hún bestar hlutina og minnkar endurtekna vinnu fyrir starfsfólkið mitt, það getur þá einbeitt sér að þarfari og áhugaverðari hlutum. 5G er auðvitað út við sjóndeildarhringinn og við fylgjumst vel með því en svo má nefna hlutanet (e. Internet of Things), ýmsar nýjungar í Sjónvarpi Símans og aukna notkun gervigreindar og vélræns náms sem sýnir okkur hluti sem okkur gat aðeins dreymt um fyrir stuttu.

Hvers hlakkar þú mest til þessa dagana?

Ef ég á að vera alveg hreinskilinn þá hlakka ég mest til þess að fá nýfædda fjölskyldumeðliminn, hvolpinn Rio, inn á heimilið. Við eigum von á Rio, sem er þýskur fjárhundur, eftir nokkrar vikur.

Hvar sérðu þig eftir 10 ár?

Vonandi verð ég enn í Hafnarfirði, steinsnar frá öllum þessum frábæru útivistarsvæðum og enn starfandi með öllu góða fólkinu hjá Símanum. Og enn betra verður ef ég hef náð á þessum tíma að láta gott af mér leiða sem víðast í samfélaginu. Það væri góður afrakstur fyrir Katalóna á Íslandi.

Uppsagnir í bönkum og sérstök skattlagning

Sigurgeir Jónasson
hagfræðingur

> **Hversu margir hefðu getað haldið starfi sínu í Arion ef hið opinbera væri búið að afnema hina sérstöku skatta?**

Mikla athygli vakti þegar forsvarsmenn Arion banka gripu til þungrar hagræðingaraðgerðar í lok september þar sem um 100 manns var sagt upp. Á ársgrunni er hagræðingin talin lækka rekstrarkostnað bankans um 1,3 milljarða króna. Ein af ástæðunum sem Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, nefndi í fjölmiðlum fyrir uppsögnunum var að bankinn greiðir um 5 milljarða króna á ári í sértæka skatta og íþyngi þeir bankanum mjög í rekstrinum.

Yfirlýst stefna Arion banka er að ná arðsemi eigin fjár upp í 10% en árið 2018 var hún einungis 3,8%. Það er lakari ávöxtun en hefur fengist í hefðbundnum lausafjársjóðum síðustu ár en lausafjársjóðir hafa verið með ávöxtun á milli 4-5% og teljast með áhættuminnstu fjárfestingakostunum sem eru í boði. Hefðu þessar sparnaðaraðgerðir, sem kynntar voru nú fyrir skemmstu, tekið gildi í byrjun ársins 2018 hefðu þær aukið arðsemi bankans um 70 punkta og hún þá farið upp í 4,5% að öllu óðru óbreyttu.

Skattpíndir bankar

Árið 2018 greiddi Arion banki tæpa 3,4 milljarða króna í bankaskatt (0,376% af heildarskuldum) og á þá eftir að taka tillit til sérstöku fjársýsluskattanna sem reiknast á hagnað umfram einn milljarð (6%) og laun starfsmanna fjármálafyrirtækja (5,5%) sem bætast við önnur launatengd gjöld. Þetta eru allt sérstakir skattar á fjármálafyrirtæki sem draga úr arðseminni. Bankaskatturinn er ekki innheimtur í Noregi eða Danmörku en í Svíþjóð er hann 0,036%, eða um einn tíundi af skattinum hér á landi.

Ef við skoðum arðsemi Arion árið 2018 aftur og tökum nú tillit til þess hver hún hefði verið ef ekki væri fyrir bankaskattinn þá sjáum við að arðsemin hefði verið 5,5%, eða um 1,7 prósentustigum hærri en raunin varð. Ef við tökum arðsemina og skoðum hver hún væri ef kæmi til afnáms allra þessara sérstöku skatta þá næmi arðsemin 6,3%, eða væri 2,5 prósentustigum hærri. Sömu sögu má segja um Íslandsbanka og Landsbanka sem greiddu um 3,3 og 3,9 milljarða í bankaskatt árið 2018.

Af þessu er nokkuð augljóst að sérislenskar kvaðir og álögur sem einungis fjármálafyrirtæki greiða hafa margfalt meiri neikvæð áhrif á arðsemi banka en um 100 starfsmenn eins banka. Augljóst er hvað þarf að gera. Hið opinbera þarf að létta á álögum og kvöðum íslenskra fjármálafyrirtækja sem allra fyrst, öllum til heilla. Að lokum má því spyrja sig þessarar einföldu spurningar: Hversu margir hefðu getað haldið starfi sínu í Arion ef hið opinbera væri búið að afnema bankaskattinn og hina sérstöku fjársýsluskatta?

Arion banki, breska sendiráðið á Íslandi og Bresk-íslenska viðskiptaráðið bjóða til morgunverðarfundar um fjármögnun innviðaverkefna með samvinnuleið (public-private partnership). Fundurinn fer fram á ensku.

Fimmtudaginn **3. október 2019** í Arion banka, Borgartúni 19 **kl. 8.30 – 12.00**

Dagskrá

8.30 Morgunkaffi og skráning
9.00 Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir iðnaðarráðherra setur fundinn
9.15 Verkefnastjórnun við útboð framkvæmda – Stuart Cairns, Bird & Bird
9.30 Tækifæri í samvinnuleið á Íslandi – Sigurður Hannesson, Samtök iðnaðarins
9.45 Næstu skref – Ásta Fjeldsted, Viðskiptaráð Íslands
10.00 Kaffihlé
10.30 Hvalfjarðargöng – dæmi um verkefni – Gísli Gíslason, Spölur
10.45 Innviðir sem fjárfestingarkostur – Benedikt Gíslason, Arion banki
11.00 Pallborðsumræður og fyrirspurnir
11.30 Lokaorð – Michael Nevin, sendiherra Bretlands á Íslandi

Skráning fer fram á
www.arionbanki.is/ppp

British Embassy Reykjavik
British-Icelandic Chamber of Commerce

Skotsilfur

Freyr hættur

Það sætir tíðindum þegar stofnanir leita leiða til hagræðingar í rekstri en það gerðist á föstudaginn þegar Ásgeir Jónsson, nýskipaður seðlabankastjóri, ákvað að segja tveimur starfsmönnum bankans upp og leggja niður stöður þeirra. Á meðal þeirra var **Freyr Hermannsson**, sem hefur verið forstöðumaður fjárstýringar og markaðsviðskipta Seðlabankans undanfarin ár og var um tíma í framkvæmdahópi stjórnvalda um áætlun um losun hafta, en Freyr er sömuleiðis sonur Rannveigar Sigurðardóttur aðstoðarseðlabankastjóra. Ásgeir var því fljótur að láta sverfa til stáls innan bankans og senda skýr skilaboð um hver sé aðal.

Óheillaþróun

Það er missir að greiningardeild Arion sem **Stefán Broddi Guðjónsson** fór fyrir af myndarbrag. Greinendur leika mikilvægt hlutverk fyrir verðmyndun á hlutabréfamarkaði. Það er dapurlegt fyrir örmarkað eins og Ísland að nýjar reglur ESB, MiFID II, verði þess valdandi að greinendum fækki. Því fleiri sem kjamsa á ársreikningum og öðrum verðmyndandi upplýsingum þeim mun meiri líkur á að markaðurinn sé skilvirkur. Það er slæm þróun að bönkum, sem geta rekið öflugar greiningardeildir, sé settur stóllinn fyrir dyrnar.

Stormsveipur

Birgir Bieltvedt kom eins og stormsveipur á veitingamarkaðinn og fjárfesti í mörgum af skemmtilegustu stöðum landsins í ferðamannauppsveiflunni. Þegar harðnar á dalnum hefur Birgir ef til vill talið sig þurfa að leggja meira til málanna í rekstrinum. Það vekur því athygli að frumkvöðlar þriggja fyrirtækja í hans eigu hafa kosið að draga sig úr rekstrinum. Um er að ræða Snaps, Gló og Brauð & Co. Fyrir Birgi, sem býr í Kaupmannahöfn, var það af hinu góða að hafa hluthafa í daglegum rekstri fyrirtækjanna.

Lamaður húsnæðismarkaður í Argentínu

Hæstu stýrivextir í heimi og gengisfall argentínska pesóans hafa lamað húsnæðismarkaðinn í Argentínu sem glímir nú við mikla efnahagsörðugleika. Fasteignasala hefur dregist saman um 41 prósent í höfuðborginni Buenos Aires frá byrjun þessa árs. ERICA CANEPA/BLOOMBERG/GETTY IMAGES

Endalok hárra innlánsvaxta

Skúli Hrafn Harðarson forstöðumaður hlutabréfa hjá Júpíter

Undanfarin ár hafa verið fordæmalaus á íslenskum fjármálamarkaði. Í kjölfar falls bankakerfisins voru sett á höft sem lokuðu bæði sparifé landsmanna og hundruð milljarða af aflandskrónum inni í hagkerfinu og skekktu þar með verðlagningu á einstökum flokkum verðbréfa. Á haftatímabilinu rak hver búhnykkurinn annan og þar af vó vaxandi ferðaþjónusta líklega þyngst og bætti viðskiptakjör þjóðarbúsins hratt. Niðurgreiðsla ríkisskulda og risavaxinn gjaldeyrisvaraforði styrktu grunnstoðir hagkerfisins og áttu stóran þátt í að styrkja krónuna og draga úr sveiflum á gjaldeyrismarkaði. Gríðarmiklar kjarasamningshækkanir skiluðu sér því beint í vasa launþega sem aukinn kaupmáttur í stað þess að gufa upp í verðbólgu. Sparnaðarstig almennings hefur enn fremur farið stigvaxandi á síðustu misserum. Þrátt fyrir minnkandi hagvöxt helst viðskiptajöfnuður jákvæður sem að hluta útskýrist af breyttri neysluhegðun almennings.

Rykið hefur hins vegar verið lengi að setjast á verðbréfamörkuðum eftir afnám hafta, og nettó útflæði erlendra fjárfesta hefur verið meira en almennt var búist við, hvort sem um ræðir aflandskrónueigendur eða erlenda spákaupmenn sem fjárfestu á Íslandi áður en útflæðishöft voru afnumin. Lífeyrissjóðir hafa hækkað hlutfall sitt í erlendum fjárfestingum hratt og fyrir vikið verið óvirkari en ella á innlendum markaði, sem skilar sér í minnkandi veltu og auknum verðsveiflum.

Núverandi niðursveifla sem orsakast helst af samdrætti í ferðaþjónustu hefur aukið svartsýni og ýkt sveiflur á hlutabréfamarkaði. Verðbréfamarkaðurinn er mikil tilfinningavera og fer undantekningarlítið fram úr sér, hvort sem er í lækkunum eða hækkunum, sem endurspeglar líklega óskilvirkni markaðarins. Slíkar hreyfingar geta búið til tækifæri fyrir þá sem fara á móti straumnum, en almennt er talið að rétti tíminn til að fjárfesta í hlutabréfum sé í niðursveiflu, áður en uppsveiflan hefst að nýju. Verðmöt greiningaraðila benda enn fremur til þess að búið sé að verðleggja samdráttinn inn í flest félög kauphallarinnar og vegur þá þungt lægri ávöxtunarkrafa.

Styrkur og trúverðugleiki þjóðarbúsins hefur aldrei verið meiri til að takast á við samdrátt. Vopnabúr Seðlabanka Íslands er sneisafullt, en auk mikils svigrúms til vaxtalækkana getur bankinn m.a. lækkað bindiskyldu, hætt við hagvaxtarauka bankanna og aukið peningamagn í umferð. Staða Íslands í þessu tilliti er ólíkt betri en annarra nágrannaríkja sem mörg hver eru þegar komin með vexti langleiðina niður í núll prósent og hafa auk þess beitt gríðarlegum magnbundnum íhlutunum (e. quantitative easing). Hlutfallslega sterkari staða Íslands hefur dregið úr áhættuálagi ríkisskulda gagnvart öðrum löndum og skýrir það að hluta aukið svigrúm til vaxtalækkana.

Það sem hins vegar fær ekki mikla athygli í umbreytingu hagkerfisins eru hríðfallandi innlánsvextir sparifjáreigenda. Hávaxtaumhverfi síðustu áratuga, auk áhættufælni sem skapaðist við hrunið, hefur leitt til gríðarmikils innlánsvaxtar. Innlánsstaða heimila er nú í sögulegu hámarki, um 900 milljarðar, og hefur nánast tvöfaldast frá árinu 2007. Afleiðingin er of einsleit eignasöfn sem geta setið föst í lélegri ávöxtun fram á veginn. Umræðan um lækkandi ávöxtun innlána hefur ekki enn náð flugi þar sem sparifjáreigendur skortir framsýni og horfa gjarnan á ávöxtun aftur í tímann. Hins vegar er líklegt að á næstu misserum muni sparnaður í sívaxandi mæli færast yfir í aðra fjárfestingarkosti, svo sem hlutabréf og fasteignavarin skuldabréf sem eru enn hlutfallslega lágt verðlögð. Þá er hætt við hröðum viðsnúningi.

Ef litið er út fyrir landsteinana má sjá sambærilega þróun og hér mun fyrirsjáanlega raungerast, hvort sem litið er til Evrópu eða til Bandaríkjanna. Ungverjaland hefur t.a.m. sjálfstæðan gjaldmiðil og hefur rekið hávaxtastefnu líkt og Ísland. Þar hefur hagvöxtur minnkað eins og annars staðar í Evrópu, sem hefur skilað sér í hratt lækkandi vöxtum, en á sama tíma hefur hlutabréfamarkaðurinn farið sífellt hækkandi. Sú hækkun virðist að miklu leyti drifin áfram af endurskoðun eignasafna, auk lægri fjármögnunarkostnaðar fyrirtækja.

Af framansögðu tel ég líklegt að hlutabréfamarkaðurinn muni taka við sér á næstu misserum og að árið 2020 geti orðið gjöfulla þeim sem huga að eigna- og áhættudreifingu fyrr en síðar.

Öfugsnúin umhverfisvernd

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Umhverfisvernd er ekki það sama og umhverfisvernd. Hugtakið hefur verið útþynnt af þeim sem hafa meiri áhuga á sýndarmennsku en raunverulegri umhverfisvernd. Í þeirra huga dugar að leggja til lausnir sem hljóma eins og þær séu umhverfisvænar. Engu máli virðist skipta hversu skilvirkar lausnirnar eru, eða hverjar afleiðingarnar eru. Góður ásetningur og miklar áhyggjur af stöðu mála vega þyngra en raunhæfar og skilvirkar lausnir.

Á heimasíðu sinni vekur Sigríður Á. Andersen, fyrrverandi ráðherra, réttilega athygli á því að ekki séu nema átta ár frá því að ríkisstjórn vinstriflokka lögfesti umfangsmiklar skattaívilnanir til að örva innflutning á „endurnýjanlegu eldsneyti“ sem einkum er unnið úr pálmum og matjurtum á borð við repju, soja og maís. Tveimur árum síðar leiddi sama ríkisstjórn í lög að allt eldsneyti skyldi blandað þessu endurnýjanlega eldsneyti. Útreikningar fjármálaráðuneytisins hafa síðan leitt í ljós að yfir milljarður króna renni árlega úr ríkissjóði til erlendra framleiðenda á endurnýjanlegu eldsneyti vegna þessara ríkisinngripa.

Í þessu samhengi nefnir Sigríður að nýlega hafi verið lögð fram þingsályktunartillaga um bann við notkun á pálmaolíu á bíla. Þingmennirnir sem standa á bak við tillöguna draga upp dökka mynd. Í tillögunni segir að lönd á borð við Indónesíu og Malasíu, sem framleiða langmest af pálmaolíu, hafi nú þegar fellt stóran hluta af regnskógum sínum, meðal annars fyrir fjöldaframleiðslu á pálmaolíu. Áhrif loftslagsbreytinga eru sögð aukast þegar skógarnir eru ruddir því þá bæði losni kolefni út í andrúmsloftið þegar skógurinn er sjálfur brenndur og einnig þegar mýrin er ræst fram. Ekki nóg með það heldur hefur verið komið upp um barnaþrælkun á pálmaolíuplantekrunum.

„Reiknað hefur verið út að lífeldsneyti frá jurtaolíu, sem er um 70 prósent af lífeldsneytismarkaði í Evrópu, losi 80 prósentum meira af gróðurhúsalofttegundum en jarðefnaeldsneytið sem verið er að skipta út. Pálmaolía trónir þar hæst og er þrisvar sinnum verri en jarðefnaeldsneyti, en næst á eftir kemur sojaolía sem er tvisvar sinnum verri,“ segir enn fremur í tillögunni.

Stjórnmálamenn láta blekkjast af hugtökum á borð við „endurnýjanlegt eldsneyti“, festa í lög frumvörp með háleitum markmiðum sem síðan reynast hafa þveröfug áhrif. Þetta er ekki í fyrsta sinn og ekki í síðasta sinn sem það gerist. Og enginn skyldi efast um að flestir af þeim sem standa á bak við þingsályktunartillöguna hefðu greitt atkvæði með blöndunarskyldunni og skattaívilnunum á sínum tíma ef þeir hefðu haft tækifæri til þess. Umhverfisvitundin ristir ekki dýpra en það.

október TILBOÐ

á H1 rafmagns-borðum

H1 rafmagnsborð
Flottir og sterkir rafmagnsfætur með minnisstýringu. Á H1 fæturna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur. Fæturnir eru til á lager í gráu, svörtu og hvítu.

MYNDFORM GRAFÍK

120x80cm **48.900kr.**

140x80cm **51.900kr.**

160x80cm **54.900kr.**

Borðplötur til á lager í eik, beyki og hvítu. Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

P90

með bólstruðu baki

Hægt að stilla bakstuðning. Samhæfð stilling setu og baks. Færanleg seta. Armar fylgja með.

- Sethæð 43-51 cm
- Breidd setu 48 cm
- Dýpt setu 48 cm
- Hentar fólki upp í 192 cm hæð
- 3 ára ábyrgð miðað við 8 tíma setu á dag og að hámarki 110 kg

Sparaðu 40%

VERÐ ÁÐUR
94.900 kr.

VERÐ NÚ
54.900 kr.

2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

Aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

RÍKISKAUP

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 2. október 2019

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

Stjórnarmaðurinn

Félag Gísla hagnast um 1.100 milljónir

Gísli Hauksson.

Hagnaður fjárfestingafélags Gísla Hauksonar, fyrrverandi forstjóra og annars stofnenda GAMMA, nam tæplega 1.083 milljónum króna í fyrra og jókst um einn milljarð á milli ára. Mikill hagnaður Ægis Invest, sem hélt utan um liðlega 30 prósenta hlut Gísla í GAMMA sem var selt til Kviku í lok síðasta árs, skýrist af verðbreytingu á eignarhlutum í innlendum félögum í eigu fjárfestingafélags Gísla.

Listmunir í eigu Ægis Invest voru metnir á 123 milljónir við árslok borið saman við 98 milljónir árið áður. Heildareignir félagsins, sem eru fyrst og fremst eignarhlutir í félögum, voru rúmlega 1.500 milljónir og eigið fé nam 1.240 milljónum. Skuldir við lánastofnanir voru 189 milljónir.

Í nóvember í fyrra var tilkynnt um að samkomulag hefði náðst um kaup Kviku á öllu hlutafé GAMMA fyrir allt að 2,9 milljarða. Fyrir félagið greiddi Kvika 839 milljónir í reiðufé en afgangurinn var í formi hlutdeildarskírteina í sjóðum GAMMA og árangurstengdra þóknana þegar langtímakröfur á sjóði GAMMA innheimtast. – hae

30.09.2019

Við erum að afskrifa 300 milljónir út af þessum sjóði, sem var í innlendum íbúðafjárfestingum. Það er með ólíkindum að menn hafi klúðrað þessu.

Sigurður Viðarsson, forstjóri TM

Ládeyðan endalausa

Síðustu misseri hafa verið fjárfestum á hlutabréfamarkaði erfið. Vísitalan hefur lækkað um tæp 4% síðasta mánuðinn og mörg félög umfram það. Icelandair hefur lækkað um rétt 11% í mánuðinum. Marel og Hagar um einhver 3% og svo mætti áfram telja.

Þessi lækkunarfasi fylgir sumri þar sem mikil ládeyða ríkti, eins og jafnan er á þeim árstíma. Miðlarar, fjárfestar og aðrir þátttakendur á markaði þurfa víst að taka sér frí eins og aðrir. Svo virðist hins vegar sem markaðurinn sé enn í sumarfríi. Mörg félaganna leka dag eftir dag í lágmarksviðskiptum, að því er virðist, án þess að nokkrar rekstrarlegar forsendur séu að baki.

Auðvitað liggur fyrir að íslenskur hlutabréfamarkaður verður aldrei annað en örmarkaður. Af þeim sökum verður verðlagning fyrirtækja alltaf að stórum hluta flæðisdrifin. Við aðstæður eins og í haust þegar markaðsaðilar, og þá sérstaklega stofnanafjárfestar, halda svo algerlega að sér höndum, verður ekki hjá því komist að velta fyrir sér hvort hreinlega séu forsendur fyrir því að reka hér almennan hlutabréfamarkað.

Hin hliðin á peningnum er hins vegar vitaskuld sú að verðlagning fyrirtækja á markaði fer að líta vel út. Markaðsvirði Sýnar er til að mynda einungis um 7 milljarðar. Neikvæð ávöxtun er á bréfum í Högum sé litið til síðustu fimm ára. Ljóst er þó að umtalsverðar eignir eru undirliggjandi. Sama gildir um Skeljung og fleiri. Við slíkar aðstæður hljóta hluthafar og aðrir bakhjarlar að velta fyrir sér hvort félög þeirra eigi eitthvert erindi á markaðinn. Væri ekki hægt að vinna betur úr verðmætum utan markaðar með því að afskrá félögin?

Lífeyrissjóðir og aðrir stofnanafjárfestar þurfa auðvitað að taka þátt ef þeir vilja að skráð hlutabréf verði hér fjárfestingarkostur til frambúðar. Annars er hætt við því að félögin hverfi af markaði eitt af öðru. Stjórnvöld ættu sömuleiðis að íhuga málið. Þátttaka almennings á markaði er nánast engin. Kannski þarf að endurvekja skattaafsláttinn gamla góða?

Nám í Danmörku

Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám

University College Lillebælt heldur kynningu á námi við skólann **miðvikudaginn 2. október kl. 20.00. í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands að Síðumúla 1 í Reykjavík**

Eftirfarandi fagsvið námsgreina verða kynnt:

- Byggingatæknigreinar
- Framleiðslu- og tæknigreinar
- Ferðamála- og íþróttagreinar
- Viðskipta- og fjármálagreinar
- Sölu- og markaðsgreinar
- Tölvu- og fjölmiðlunargreinar
- Leikskóla- og kennslufræði
- Félagsráðgjöf
- Hjúkrunarfræði
- Sjúkra- og iðjuþjálfun
- Röntgentækni
- Landbúnaðarframleiðsla og tengdar greinar

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans www.ucl.dk.
Kennt er ýmist á ensku eða dönsku.

University College Lillebælt er gamalgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma.

Komið og kynnið ykkur þá möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. **Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is**

University College Lillebælt
Seebladsgade 1
5000 Odense C
Danmark
Tlf. 0045 - 70105800
heimasíður:
www.eal.dk. og www.ucl.dk.

Auglýsingar um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Borgartún 24

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. september 2019 og borgarstjórn Reykjavíkur þann 17. september 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 24 við Borgartún. Í breytingunni felst í megin atriðum að heimilt verður niðurrif eldri frambyggingar á lóðinni og stækkun bílakjallara undir henni. Bundið er að nýbyggingin leggist í sömu línu að Borgartúni og sé hornskorin á horni Borgar- og Nóatúns á 1. og 2. hæð. Færð er inn hámarksstærð neðanjarðar m.v. breytinguna en það hafði láðst að færa inn 1650 m2 byggingarmagn neðanjarðar í gildandi deiliskipulagi, einnig er bætt við nýtingarhlutfalli alls. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.241.0 og 1, Hampiðjureitir

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 4. september 2019 og borgarráði Reykjavíkur þann 19. september 2019 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á skilmálum deiliskipulags “Hlemmur + 1.241.0, 1.241.1 Hampiðjureitir”. Í breytingunni felst að skilgreina nánar heimild í deiliskipulagi vegna minniháttar breytinga varðandi kvisti og svalir. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig fara yfir á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 2. október 2019 til og með 13. nóvember 2019**. Einnig má sjá tillögurnar á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, **skipulag í kynningu**. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 13. nóvember 2019. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.

Reykjavík 2. október 2019
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 °C | 6 ↖	4 °C | 1 ↖	5 °C | 2 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 1 ↘	5 °C | 4 ↙	1 °C | 7 ↑

Suðaustan 8-13 m/s og smáskúrir í dag, en hægari og léttskýjað á N- og A-landi. Suðaustan 13-18 við suðvesturströndina um kvöldið. Hiti 3 til 10 stig að deginum, en víða næturfrost N- og A-lands.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 13 ↖	3 °C | 3 ↖	7 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 7 ↑	8 °C | 10 ↖	2 °C | 10 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
8 °C | 6 ←	5 °C | 2 ↖	5 °C | 1 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
6 °C | 3 ↖	7 °C | 7 ←	3 °C | 5 ↗

LÉTT

	5		3					1
		3	6	1		2	9	
7			8					
4		7				6		
3				4			1	
	1		2	3		4		5
5	7						2	8
	8	2	1	7		5		
		4						

MIÐLUNGS

2			8	4				
3				5			9	
	7	8	9					5
		9	2			6	1	
		3					2	7
	1			7	9	4		
		7	1			3	8	
			3	9			6	
					8	1		

ÞUNG

		5			6	7		
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8		7		1		3		
		4		2	9		6	
9		1	5					4
								8

Krossgáta

LÁRÉTT
1 Got
5 Skipalægi
6 Í röð
8 Alþýðu
10 Tveir eins
11 Sægur
12 Bakki
13 Ríki í Arabíu
15 Dreifa
17 Leiftur

LÓÐRÉTT
1 Fljótfær
2 Labb
3 Maðk
4 Ríki í Afríku
7 Eldsneyti
9 Ríki í Afríku
12 Skemmtun
14 Rangl
16 Í röð

1	2	3		4	■
5			■	6	7
8			9		
10		■	11		
	■	12			
13	14			■	
15				16	
■	17				

LÁRÉTT: 1 hrogn, 5 vör, 6 íj, 8 almúga, 10 tt, 11 ger, 12 borð, 13 íran, 15 saldra, 17 flass.
LÓÐRÉTT: 1 hvatvís, 2 rólt, 3 orm, 4 niðer, 7 jarðgas, 9 úganda, 12 ball, 14 ráf, 16 rs.

Skák Gunnar Björnsson

Borbley átti leikur gegn Karksoni í Ordea árið 1948.

1. ... Rf4+! 2. gxf4 Dxf2+! 3. Kh3 Dxh2+! 4. Kg4 Dh3+ 5. Kxh3 ½-½. Helgi Áss Grétarsson sigraði á hraðskákmóti Iðnó sem fram fór á sunnudaginn. Bræðurnir Bragi og Björn Þorfinnssynir og Ingvar Þór Jóhannesson urðu í 2.-4. sæti.

www.skak.is: Ný alþjóðleg skákstig.

Svartur á leik

7	6	9	4	3	1	5	8	2
3	8	5	9	2	6	1	4	7
1	4	2	5	7	8	6	9	3
4	1	6	2	5	7	8	3	9
8	5	7	1	9	3	2	6	4
9	2	3	6	8	4	7	5	1
2	3	8	7	4	5	9	1	6
5	7	1	3	6	9	4	2	8
6	9	4	8	1	2	3	7	5

7	6	3	8	1	4	9	2	5
8	9	5	7	2	6	4	1	3
4	1	2	9	3	5	6	7	8
3	4	9	6	7	2	5	8	1
1	5	7	3	4	8	2	6	9
2	8	6	5	9	1	3	4	7
5	2	8	1	6	3	7	9	4
6	7	1	4	5	9	8	3	2
9	3	4	2	8	7	1	5	6

8	2	4	9	3	5	1	6	7
3	9	7	2	6	1	8	4	5
1	5	6	7	8	4	3	2	9
6	1	5	8	9	7	4	3	2
7	3	8	1	4	2	9	5	6
2	4	9	6	5	3	7	8	1
9	7	3	5	2	8	6	1	4
4	6	2	3	1	9	5	7	8
5	8	1	4	7	6	2	9	3

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



AKU SUPERALP GTX | **39.990 kr.** | STÆRÐIR 35-48

Til að velja rétta gönguskó er nauðsynlegt að bera saman allar helstu gerðir.
Best er að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka upplýsta ákvörðun.

Hafðu AKU með í valinu

Smiðjuvegur 8,
Græn gata
200 Kópavogi,
sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG·sport

GG-sport
BYKO

„Finndu okkur á Facebook"

HÚSGAGNA HÖLLIN
VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN
SÓFAR
TAXFREE
Allir sófar á taxfree tilboði*

KIRUNA
Hornsófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 236 x 200 x 78 cm
145.153 kr.
~~179.990 kr.~~

PINTO
3ja og 4ra sæta sófar úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegir steingrárir eða koníaksbrúnir. Innra byrði púðanna er úr endingargóðum kaldpressuðum svampi, trefjafyllingu og loks mjúku yfirlagi. Fætur úr sterku, svörtu járni. Stærð: 150 x 90 x 96 cm

3ja sæta: 150 x 90 x 96 cm
129.024 kr.
~~159.990 kr.~~

4ra sæta: 253 x 97 x 85 cm
161.282 kr.
~~199.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100
Reykjavík Bíldshöfði 20: 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1: 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Sjaldan má sjá leikara tala saman, heldur tala þeir til áhorfenda, segir í dómnum. MYND/STEVE LORENZ

Aflausn án innistæðu

LEIKLIST

Húh! Best í heimi
★★☆☆☆
RaTaTam í samvinnu við Borgarleikhúsið

Leikstjórn: Charlotte Bøving
Leikarar: Albert Halldórsson, Guðmundur Ingi Þorvaldsson, Guðrún Bjarnadóttir, Halldóra Rut Baldursdóttir, Hildur Magnúsdóttir
Leikmynd og búningar: Þórunn María Jónsdóttir
Lýsing: Björn Bergsteinn Guðmundsson
Hljóðmynd og tónlist: Helgi Svavar Helgason og RaTaTam
Myndbönd: Aron Martin Ástgerðarson

Húh! Best í heimi er byggt á sönnum sögum úr lífi leikaranna með það að leiðarljósi að skoða samfélagið út frá mannlegum brestum. Leikhópurinn RaTaTam, sem skoðað hefur ýmsa afkima samfélagsins síðustu misseri, frumsýndi sína þriðju sýningu í Borgarleikhúsinu síðasta föstudag.

Hið persónulega er pólitískt og samskipti einstaklingsins við samfélagið skapar þjóð. Reynsluheimur einstaklingsins sem þátttakanda í þessari beygluðu væntingaveröld endurspeglar oftar en ekki bresti samfélagsins. Í leikskrá er einmitt gefið til kynna að sýningin fjalli um stærri samfélagsleg mál en Húh! snertir bara á yfirborði einstaklingsins í stað þess að kafa ofan í hyldýpið.

Efniviður RaTaTam er hrár og áhugaverður, hér má finna persónulegar sögur af áföllum, skömm og grímunum sem við berum öll. Vandinn er að allar sögurnar hafa sama tón, framvindan er lítil, ferðalagið stutt og úrvinnslan engin. Í stað þess að frásagnir sýningarinnar hafi upphaf, miðju og endi er bara hækkað í tilfinningum í hverri senu fyrir sig. Húh! Best í heimi endar þannig á sama stað og það byrjaði. Handritið, skrifað af hópnum, virkar ekki.

Hér er hvorki verið að draga úr mikilvægi frásagnanna né tilfinningalegu gildi þeirra heldur hvernig unnið er með þær. Charlotte, sem leikstýrir, nær ekki að setja saman heildarmynd úr þessari tilfinningalegu ringulreið. Samspil leikara fellur í skugga einstakra frásagna, sjaldan má sjá leikara tala saman, heldur tala þeir til áhorfenda. Halldóra og Hildur spila alltaf á sömu tilfinningalegu nóturnar þar sem stórar tilfinningar trompa þær hversdagslegu. Einstaka atriði kveikja þó líf, samspil Guðmundar og Alfreðs í söng um skömm virkar nokkuð vel. Saga Guðmundar af Saab-eltingarleiknum og ferðalag Alberts til Þýskalands standa líka upp úr. Eftir stendur Guðrún sem nær af og til að brjóta niður þennan bergmálsklefa stórra tilfinninga en stendur ávallt fyrir utan bæði leikhópinn og sýninguna.

Litla svið Borgarleikhússins er kjörið fyrir tilraunir og leikmynd Þórunnar Maríu er gott dæmi um tækifærin sem rýmið býður upp á. En búningarnir bera sama óreiðukeim og sýningin sjálf. Formleg klæði í bland við retró íþróttaföt og pulsubúningur gefa sýningunni lítið. Tónlistin samin af hópnum í samvinnu við Helga Svavar á við sama vandamál að stríða; hún bætir litlu við, þó er öskurgrátur Alberts ágætlega útfærður. Myndbrotin sem má sjá fyrir ofan sviðið, hönnuð af Aroni Martin, þjóna hlutverki undirtexta en yfirleitt er notast við sama brandaraformið sem verður fljótt þreytt. Einnig er myndbandið í byrjun alveg á skjön við restina af sýningunni.

Eðlilegt er að kátína sé kreist fram þegar leikarar á sviði dubba sig upp í litskrúðuga búninga eða dúndra fram óritskoðuðum hugsunum. En fjörið er fallvalt og jafnvel innantómt því breiddin er lítil. Að opna fyrir allar tilfinningar er ekki hið sama og einlægni eða vilji til að rannsaka sjálfið.

Leiksýningar eiga að gefa, ekki einungis taka, áhorfendur eru ekki ílát fyrir hugleiðingar leikhópsins um lífið og tilveruna heldur verður leiklistarformið að skapa samtal þar á milli og sýningin að vekja fólk til umhugsunar. Hingað til hefur RaTaTam unnið með sögur og skáldskap frá öðrum, sett þær saman af alúð og framsett í forvitnilegum sýningum. Húh! Best í heimi skellir öllu á borðið; óskipulega, óritskoðað og á endanum óáhugavert.

Sigríður Jónsdóttir

NIÐURSTAÐA: Húh! Best í heimi skortir formfestu, framvindu og úrvinnslu.

Sækja titilinn í ljóð Jóhannesar úr Kötlum

Úr augum þér fiðrildi fljúga er yfirskrift íslensk-norskra tónleika í Sigurjónssafni á Laugarnestanga í kvöld. Flytjendur eru Ásta Soffía Þorgeirsdóttir á harmóníku og Anders Abelseth á saxófón. Titillinn er sóttur í ljóðið Fiðrildi eftir Jóhannes úr Kötlum. Fleiri ljóð, bæði eftir Þórarin Eldjárn og Gro Dahle, koma við sögu og líka norsk þjóðsaga.

Tónlistin er ný af nálinni, hún er eftir Ásbjörgu Jónsdóttur og Birgit Djupedal en flytjendurnir tengja tónverkin saman með fríum spuna. Það er þar sem ljóðin blandast inn í, að sögn Ástu Soffíu. Hún segir verkefnið vera óð til íslenskrar og norskrar bókmenntalistar. „Oftast er texti sunginn við tónlist en við reynum að nota innblásturinn frá ljóðunum inn í tónlistina. En ég les ljóðin á mismunandi stöðum í flutningnum og þau eru birt í efnisskránni. Anders notar líka mikið röddina og syngur norska vöggvísu á einum stað," útskýrir hún.

Ásta Soffía og Anders kynntust þegar þau voru í námi í Noregi.

Eftir tónleikana í Sigurjónssafni verða einir í Hjarðarholti í Dölum. – gun

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

2. OKTÓBER 2019

Tónlist

Hvað? Kvartett Andrésar Þórs
Hvenær? 21.00
Hvar? Björtuloft, Hörpu
Kvartettinn mun meðal annars leika lög af nýja diskinum Paradox sem inniheldur níu frumsamda djassópusa sem sækja áhrif sín til jafn ólíkra þátta og þjóðlagatónlistar og skammtafræði. Með Andrési spila Agnar Már Magnússon á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Scott McLemore á trommur.

Hvað? Úr augum þér fiðrildi fljúga
Hvenær? 20.00
Hvar? Sigurjónssafn, Laugarnestanga, Reykjavík
Nýskrifuð tónverk eftir Ásbjörgu Jónsdóttur og Birgit Djupedal og frír spuni innblásinn af tónheimi íslenskrar og norskrar þjóðlagatónlistar og textum Þórarins Eldjárns, Jóhannesar úr Kötlum, Gro Dahle og norsku þjósögunnar Lurvehette. Flytjendur eru Ásta Soffía á harmóníku og Anders Anders Abeseth á saxafón.

Orðsins list

Hvað? Kaffistund og rithöfundaspjall
Hvenær? 20.00-21.30
Hvar? Borgarbókasafn, Gerðubergi
Guðrún Eva Mínervudóttir og Friðgeir Einarsson ræða ný og eldri verk, framtíðardrauma og hversdagsvenjur. Allir velkomnir.

Hvað? Breytingar í þágu barna
Hvenær? 8.30-15.00

Guðrún Eva Mínervudóttir verður í Borgarbókasafninu í Gerðubergi að spjalla um bókmenntir við Friðgeir Einarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hvar? Norðurljósasalur Hörpu
Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, boðar til ráðstefnu í samvinnu við Landssamband ungmennafélaga. Þar verða kynntar fyrstu tillögur að nýju velferðarkerfi fyrir börn og fjölskyldur.

Aðrir viðburðir

Hvað? Heilagir dansar Gurdjieff
Hvenær? 12.15-13.00
Hvar? Gerðarsafn
Kennarinn og listakonan Sati Katerina Fitzova kynnir dansa sem heimspekingurinn G.I. Gurdjieff safnaði saman á ferli sínum og byggjast á hefðbundnum dönsum ýmissa trúarbragða. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Hvað? Láttu þér líða vel
Hvenær? 11.00-14.00
Hvar? Sólin í HR
Andleg heilsa er í fókus hjá Háskólanum í Reykjavík á heilsudegi fyrir nemendur og almenning.

Hvað? Opinn spjallfundur
Hvenær? 20.30
Hvar? Háaleitisbraut 13, IV. hæð
ADHD samtökin bjóða upp á spjallfund, um jákvæðar og spaugilegar hliðar á lífi fólks með ADHD. Hann er ætlaður fólki með ADHD og foreldrum, forráðamönnum og nánum aðstandendum barna og ungmenna með ADHD.

BIG SALE ÚTSALA
HEN50N
ÁRA
Í tilefni af 50 ára afmæli Henson.
Verðum við með risa útsölu dagana 3-9. oktober.
PEYSUR, STUTTBUXUR,SOFTSHELL JAKKAR,
REGNJAKKAR, YOGABUXUR,
GLÍMUBUXUR, BANGSAR, SOKKAR,
NÁTTFÖT, BOLIR, JAKKAR, BARNAGALLAR, ÚLPUR,
MERKILEG FÖT OG MISLUKKUÐ FÖT.
verð frá 300-3500kr
HENSON BRAUTARHOLTI 24 opið frá 11-18

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

12.30 Krónikan
13.30 HM í frjálsíþróttum Bein útsending frá heimsmeistaramótinu í frjálsíþróttum í Katar. Allt fremsta frjálsíþróttafólk heims mætir til leiks og RÚV sýnir beint frá öllum keppnisdögunum.
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Tímon & Púmba
18.17 Sígildar teiknimyndir
18.24 Sögur úr Andabæ
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaumræðunni í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum. Umsjón: Egill Helgason. Dagskrárgerð: Einar Rafnsson.
20.40 Attenborough. Furðudýr í náttúrunni Vandaðir heimildarþættir frá BBC. David Attenborough fer með áhorfandann í ferðalag og sýnir furðuverur í náttúrunni.
21.05 Á önglinum Finnsk glæpaþáttaröð um fíkniefnalögreglumanninn Oskari sem fær óvænt heimsókn frá barnsmóður sinni, Kristu, sem hann hefur ekki séð í sextán ár. Krista er fyrrum eiturlyfjafíkill og kunnug undirheimum Helsinki og þau komast að leynilegu samkomulegi um að hjálpa hvort öðru. Aðalhlutverk: Tommi Eronen, Matleena Kuusniemi og Jussi Nikkilä. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 HM í frjálsíþróttum. Samantekt
22.35 Horfnu stúlkurnar í Nígeríu Heimildarþáttur frá BBC um mannrán hryðjuverkasamtakanna Boko Haram sem námu 276 stúlkur á brott úr heimavistarskóla í bænum Chibok í Nígeríu árið 2014. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.05 Krónikan Dönsk þáttaröð sem hefst árið 1949 og segir frá lífi fjögurra ungra Dana á 25 ára tímabili þegar samfélagið tekur miklum breytingum. Meðal leikenda eru Anne Louise Hassing, Ken Vedsegaard, Anders W. Berthelsen, Maibritt Saerens, Waage Sandø, Stina Ekblad og Pernille Højmark. e.
00.05 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 Alfred Dunhill Links Championship Útsending frá Alfred Dunhill Links Championship á Evrópumótaröðinni.
12.00 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
12.50 Alfred Dunhill Links Championship
17.20 Indy Women in Tech Championship Útsending frá Indy Women in Tech Championship á LPGA-mótaröðinni.
19.50 Golfing World 2
20.40 Champions Tour Highlights Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
21.35 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.
22.30 Golfing World
23.20 Champions Tour Highlights

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Single Parents
14.15 Ást
14.50 90210
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 The Good Place
19.45 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 The Fix
22.35 Charmed
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 The Loudest Voice
01.45 The Passage
02.30 In the Dark
03.15 The Code
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal Þorgerður J. Einarsdóttir, prófessor
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Stormsker
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Birtingur.
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.00 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.10 Gnómeó og Júlía
13.35 3 Generations
15.05 Dressmaker
17.00 Gnómeó og Júlía
18.25 3 Generations
20.00 Dressmaker
22.00 A Good Man
23.40 A Hologram for the King
01.15 A Good Man
02.55 The Program

STÖÐ 2

07.00 Two and a Half Men
07.25 Gilmore Girls
08.10 Friends
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Mom
10.00 Arrested Developement
10.50 God Friended Me
11.40 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Lóa Pind: Bara geðveik
13.40 I Own Australia's Best Home
14.30 The Great British Bake Off
15.30 Einfalt með Evu
15.55 Jamie's Quick and Easy Food
16.30 Born Different
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 Víkingalottó
19.30 First Dates
20.20 Ísskápastríð
20.55 Grey's Anatomy
21.40 The Good Doctor
22.25 Orange is the New Black
23.25 Room 104
23.55 Góðir landsmenn
00.25 Mr. Mercedes
01.25 Burðardýr
02.00 Alex
02.45 Warrior
03.30 The Sandhamn Murders

STÖÐ 3

19.15 Mom
19.40 The Big Bang Theory
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Splitting Up Together
21.15 Roswell, New Mexico
22.00 Shetland
23.00 Underground
23.50 Réttur
00.35 The Big Bang Theory
00.55 Mom

STÖÐ 2 SPORT

07.10 Football League
07.40 Ensku deildabikarmörkin
08.10 Galatasaray - PSG Útsending frá leik Galatasaray og PSG í Meistaradeild Evrópu.
09.50 Real Madrid - Club Brugge
11.30 Manch.City - GNK Dinamo
13.10 Juventus - Bayer Leverkusen
14.50 Tottenham - Bayern
16.30 Meistaradeildarmörkin
17.00 Domino's: Upphitun kvenna
18.15 Meistaradeildarmessan
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.30 Formúla 1. Rússland
23.50 KR - Keflavík

STÖÐ 2 SPORT 2

16.45 Genk - Napoli Bein útsending.
18.50 Liverpool - Salzburg Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 3

18.50 Barcelona - Inter Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 4

18.50 Lille - Chelsea Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 5

18.50 Valencia - Ajax Bein útsending.

STÖÐ 2 SPORT 6

19.05 KR - Keflavík Bein útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin



Nýtt íslenskt gamandrama
Hefst sunnudaginn 6. október

RÚV okkar allra

TaxFree dagar*
FJÖRÐUR VERSLUNARMIÐSTÖÐ
3-5.október
*TaxFree jafngildir 19,35% afslætti

KONUKVÖLD

FJÖRÐUR VERSLUNARMIÐSTÖÐ
MIÐBÆR HAFNARFJARÐAR

3.OKTÓBER

18:00-22:00

TILBOÐ Í VERSLUNUM - LÉTTAR VEITINGAR - GJAFALEIKUR

FJÖRÐUR

EYÞÓR INGI
kl 19:30

DJ ATLI KANILL
kl 19:00-22:00

SIGGA DÖGG
& MODIBODI
KL 20:30

TÍSKUSÝNING
kl 20:00

100 fyrstu konurnar fá gjafapoka kl 19:00 í Firði!

STRANDGATAN

Litla gæludýra búðin - Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666 - www.litlagaeludyrabudin.is
KAKI
ÁLFAGULL
GARNBÚÐ EDDU
Dalakofinn
LITLA HÖNNUNAR BÚÐIN
GATSBY
NÝFORM HÚSGAGNAVERSLUN
Kailash
Pennan Eymundsson

FYLGSTU MEÐ /FJORDUR

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG

Mikilvægi morgunverðarins

Oddrún Helga Símonardóttir hefur boðið landanum kennslu í ýmiss konar matseld undir nafninu Heilsumamman frá því hún útskrifaðist sem heilsumarkþjálfi árið 2013, nú er það m.a. morgunverðurinn sem hún einbeitir sér að.

Oddrún hefur boðið upp á sín fjölbreyttu námskeið á nokkrum stöðum í gegnum árin en nú heldur hún sig í Heilsuborg og býður þessa dagana upp á tvenns konar námskeið, Morgunmatur og millimál og svo kvöldverðarnámskeið þar sem áhersla er lögð á að auka hlut grænmetis á diskinum. „Vinsælustu námskeiðin eru svo sennilega namminámskeiðin sem eru í nóvember, þar sem við gerum konfekt í hollari kantinum.“ Oddrún segist leggja áherslu á að uppskriftirnar séu einfaldar og innihaldi ekki of mörg hráefni. „Það að borða næringarríkan mat þarf hvorki að vera flókið né bragðlaust.“

Oddrún Helga er heilsumarkþjálfi sem boðið hefur upp á námskeið sem Heilsumamman í rúm sex ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Samsetning sem kemur í veg fyrir þreytu og sykurlöngun

Oddrún segir morgunmatinn mikilvægan enda gefi hann okkur kraft fyrir daginn. „Það er þó misjafnt hvenær fólki finnst best að borða morgunmat. Sumir borða hann nánast um leið og þeir vakna en aðrir nokkrum tímum seinna. Ég sjálf fasta í 13-14 tíma á virkum dögum og borða morgunmatinn því yfirleitt um þremur tímum eftir að ég vakna.“ Oddrún segist hafa átt uppáhaldsmorgunmat í nokkur ár en það er grautur úr höfrum, chia- og hampfræjum. „Ég bæti svo við einhverjum ávöxtum eða berjum og jafnvel möndlusmjöri og múslí set ég ofan á. Það sem mér finnst frábært við þennan graut er að hann inniheldur prótein, góða fitu, flókin kolvetni og trefjar. Þetta hjálpar allt til þess að halda blóðsykrinum jöfnum fram eftir degi og kemur þannig í veg fyrir þreytu og sykurlöngun. Mér finnst best að búa til mikið magn í stórri glerkrukku í byrjun vikunnar og eiga grautinn tilbúinn á morgnana út vikuna. Það má þó líka setja hann í litla krukku að kvöldi til og grípa með sér í vinnu eða skóla að morgni.“

> ÞAÐ AÐ BORÐA NÆRINGARRÍKAN MAT ÞARF HVORKI AÐ VERA FLÓKIÐ NÉ BRAGÐLAUST.

Morgungrautur

Þessi morgungrautur er fullkominn morgunmatur að sögn Oddrúnar. Hann er trefjaríkur og inniheldur einnig prótein og góða fitu og gefur góðan kraft inn í daginn. Hún mælir með að búa til mikið magn í einu því grauturinn geymist í um það bil fimm daga í kæli.

Skammtur fyrir 1

1 msk. hafrar
1 msk. hampfræ
1 msk. chiafræ
1 dl vatn eða annar vökvi
Ávextir ofan á

Blandið hráefninu saman í skál og hrærið í öðru hverju. Fræin drekka í sig vatnið og það tekur um það bil 10 mínútur. Það má líka búa grautinn til að kvöldi og geyma í ísskáp, þá er hann tilbúinn að morgni. Grauturinn er ekki bragðmikill og því nauðsynlegt að bragðbæta með ávöxtum og berjum. Einnig er mjög gott að setja í hann 1 tsk. af möndlusmjöri og jafnvel múslí ofan á. Um helgar læðast svo stundum með 1-2 bitar af smátt söxuðu dökku súkkulaði.

Morgungrautur Oddrúnar er bæði trefja- og próteinríkur og inniheldur góða fitu.

Próteinríkur súkkulaðisjeik

Þegar útbúinn er sjeik í morgunmat er að sögn Oddrúnar mikilvægt að hugsa um að hafa ekki bara ávexti heldur passa að hann innihaldi líka fitu og prótein svo svengdin komi ekki strax aftur. Það mætti t.d. bæta út í hann þykkri kókosmjólk, avókadói eða smá ólífuolíu fyrir góða fitu og hampfræjum, chiafræjum eða öðrum fræjum, lúku af möndlum eða öðrum hnetum fyrir prótein.

2 stór glös

1 banani (sniðugt að nota frosinn)
2-3 msk. hampfræ
2 msk. chiafræ + 1 dl vatn
1 msk. hreint kakó (ég nota frá Himneskri hollustu)
1-2 msk. möndlusmjör, líka mjög gott að nota heslihnetusmjör
1 tsk. hunang eða 1-2 döðlur
4 dl vatn
Um 2 dl af klaka (ath. þarf ekki ef þið notið frosinn banana)

Oddrún segir mikilvægt að morgunsjeik innihaldi ekki aðeins ávexti heldur einnig fitu og prótein.

Byrjið á því að setja chiafræin í glas og blandið saman við 1 dl af vatni. Leyfið þessu að standa og hrærið í öðru hverju á meðan þið finnið til restina af hráefnunum.

Setjið allt í blandara og blandið vel.

bjork@frettabladid.is

Nánari upplýsingar eru á heilsumamman.is eða á Facebook og Instagram undir sama nafni.

FISKIVIKA

1.790 kr.kg

ALLUR FISKUR ÚR FISKBORÐI

LÚÐA, LAX, ÞORSKFLÖK, ÝSUFLÖK, GELLUR OG ALLIR FISKRÉTTIR

NÝR FISKIKÓNGUR

Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 Höfðabakka 1 Sími 555 2800

Táknmyndin fagra í gulu regnkápunni

Baráttukonan unga **Greta Thunsberg** er ekki allra en höfðar svo sterkt til Snorra Ásmundssonar að hann málaði af henni tvö portrett. Honum finnst stórmerkilegt hvernig sumir „nenna að níðast á barninu“ sem eigi svo sannarlega skilið að fá málaða af sér mynd.

Vart kemur á óvart að ólíkindatólið umdeilda Snorri Ásmundsson beri taugar til umhverfishetjunnar ungu Gretu Thunsberg sem í augum olíufíkinna kolakarla er óttalegt vandræðabarn. Listamaðurinn segir hana vera orðna að fallegu íkoni sem verðskuldi sinn sess á í akrýl á striga . FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Listamaðurinn Snorri Ásmundsson hefur eins og svo margir hrifist af sænsku umhverfisverndarkonunni ungu Gretu Thunsberg og málstað hennar, svo mjög reyndar að hann er búinn að mála af henni tvær myndir eins og honum einum er lagið.

Striginn segir þar sína sögu þar sem Snorri nennir síður en svo að festa hvaða andlit sem er á hann. „Það er svo gaman og svo góð tilfinning að mála hana Gretu. Þetta er svo mismunandi og maður málar nú ekkert alveg hvern sem er,“ segir Snorri í samtali við Fréttablaðið og bætir við að fólk verði helst að hafa eitthvað við sig svo hann nenni að mála það. „Það er extra meira gaman að mála þannig fólk og sumir eiga bara virkilega skilið að fá mynd málaða af sér og hún er alveg þar.“

Íkon í regnkápu

Gretu-myndir Snorra hafa að vonum vakið talsverða athygli og eftirspurnin er mun meiri en framboðið og þannig var guli akrýlliturinn á regnkápu Gretu varla þornaður þegar búið var að selja það verk á safn.

„Ég veit nú ekki hvort ég megi segja hvaða safn keypti þessa mynd en það stendur jafnvel til að selja eftirprentanir af henni þar.“ Líkurnar eru því meiri en minni á að spenntir aðdáendur Gretu geti haft sýn Snorra á hana fyrir augunum alla daga.

Þarna er líka Greta Thunsberg komin í öllu sínu myndræna veldi í regnkápunni með flétturnar sem eru eins og hún sjálf þeirrar náttúru að geta ært óstöðuga afneitunarsinna.

> **UMRÆÐAN Í SAMFÉLAGINU ER BARA Á SVO LÁGU PLANI, HVORT SEM ÞAÐ ER Í PÓLITÍK EÐA HVERJU SEM ER, AÐ ÞAÐ ER EIGINLEGA BARA ÖMURLEGT.**

„Hún er náttúrlega bara að verða svakalegt íkon sem er bara svo fallegt,“ segir Snorri um fegurðina sem fólgin er í hinu öfluga andófi barna og unglinga sem Greta leiðir.

Ekki með „fulde fem“

„Umræðan í samfélaginu er bara á svo lágu plani, hvort sem það er í pólitík eða hverju sem er, að það er eiginlega bara ömurlegt. Þetta er alveg stórmerkilegt, hvað fólk nennir að vera að níðast svona á barni sem er að benda á augljósa hluti,“ segir Snorri og botnar ekkert í hávaðanum sem stappar víða nærri sturlun. Ekki síst hjá mörgum miðaldra karlinum.

„Þetta fólk er í rosalega eitthvað miklum varnarstellingum gagnvart öllum breytingum og þessi tilfinningaheift er auðvitað vegna þess að það er einhver ótti. Enginn sem er með „fulde fem“ lætur svona,“ segir Snorri og bætir við að ómögulegt sé að ræða við fólk í þessum ham.

Bragðvond umræða

„Fólk fær bara óbragð í munninn og það nennir enginn lengur að ræða einhverja pólitík. Nema bara eitthvert lasið fólk, held ég. Þau eru heitust og það heyrist mest í þeim,“ segir Snorri og reynir áfram að sálgreina fjandmenn Gretu.

„Þarna er komið eitthvert barn sem berst fyrir þessu málefni og ég veit það ekki, kannski stafar þeim einhver ógn af því að það er barn sem er að setja ofan í við þá?

Ég átta mig ekki á því en við þekkjum nú öll söguna um barnið sem benti á að keisarinn væri nakinn. Börnin eru svo klár og sjá í gegnum þetta, eða það er ekki enn búið að villa um fyrir þeim. Það er nú málið.“

Reiði kórinn

Snorri þekkir vitaskuld vel af eigin raun, hafandi verið krónískt vandræðabarn og ólíkindatól í listaheiminum og víðar árum saman, hvað fólk getur kallað yfir sig með því að ýfa fjaðrir og strjúka feitum köttum öfugt.

„Ég er alveg með kór af reiðu fólki í kringum mig og þetta hefur alltaf verið svona. Ég má stundum ekki opna munninn og þarf ekki að vera að gera neitt merkilega hluti til þess að gera suma reiða.

Maður er kominn inn í tilfinningalífið hjá þessu fólki. Það er nú málið og kannski elskar þetta fólk mann bara og bregst svona við og áttar sig ekki á því að ást þeirra er svo mikil að hún brýst út í reiði,“ segir Snorri sem deilir þar reynslu með Gretu sem hefur hitt fjölda fólks í hjartastað á meðan aðrir hafa fengið hana á heilann.

toti@frettabladid.is

Greta er táknmynd baráttuanda æskunnar í heimi á heljarþröm sem Snorra fannst eiga að festa á striga. NORDICPHOTOS/GETTY

Pizza Hut

Nýtt!

PIZZU-HLAÐBORÐ

í Smáralind og Hafnarfirði

ALLA VIRKA DAGA
FRÁ 11:30 TIL 14:00

ÚT Í HUT

TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR **STÓRA** PIZZU MEÐ TVEIMUR ÁLEGGSTEGUNDUM AF MATSEÐLI

1.990

Þegar öllu er á botninn hvolft þarf hann að vera frábær. Veldu:

- → PÖNNU
- → KLASSÍSKAN
- → ÍTALSKAN

Pantaðu í síma 515 1617 eða á pizzahut.is
Pizza Hut Smáralind
Pizza Hut Staðarbergi 2–4
Hafnarfirði

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Jónu Hrannar Bolladóttur

Hugsað í lausnum

Fyrir skömmu jarðaði ég góðan vin, Vilmund Þorsteinsson, 94 ára að aldri. Ég fylltist alltaf gleði þegar ég mætti honum því hann ljómaði eins og sól í heiði og kankvís svipur bar vitni um þolgæði, jákvæðni og glettni.

Ég kynntist honum þegar ég jarðsöng Gunnhildi Friðriksdóttur eiginkonu hans sem hann hlúði að, ekki síst í veikindum hennar. Síðustu árin hef ég oft hugsað til Vilmundar þegar ég leggst í sjálfsvorkunn. Því hann var maður sem aldrei dvaldi við hindranir en fann alltaf leiðir. Það er ótrúleg sagan af honum þegar hann hljóp 17 ára gamall á miðri aðventu yfir fjöll og dali frá Brekknakoti í Þistilfirði til Húsavíkur til þess að taka bílprófið sitt. Þetta voru 140 km sem hann fór og náði á réttum tíma. 88 ára að aldri þurfti hann nauðsynlega að komast í mjaðmaskiptaaðgerð og við ræddum hvort hann fengi slíka þjónustu vegna kennitölunnar hans, enda fæddur 1925. En hann taldi miklu betra fyrir þjóðfélagið að halda honum á fótum en að setja hann inn á einhverja stofnun.

Þegar hann hitti lækninn kom enda í ljós að hann var svo vel á sig kominn að hann fékk að fara í aðgerð á báðum mjöðmum með árs millibili. Var lærdómsríkt að fylgjast með því hvernig Vilmundur tók ábyrgð á eigin heilsu. Strax á sjúkrahótelinu eftir aðgerðina hafði hann þann háttinn á að skokka upp og niður stigana frekar en að notast við lyftu til þess að liðka sig. Kominn heim gekk hann um allt hverfið í Garðabænum og þar eð hann bjó á einni hæð fékk hann sér málningartröppur og stillti þeim upp á miðju stofugólfi til þess að geta reynt á sig og æft ganginn. Talandi um fólk sem hugsar í lausnum!